

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr. 311

desember 2018

*Gleðileg jól*



**We Serve**



Desember 2018. Blað nr. 311  
**THE LION IN ICELANDIC**  
 Fjölumðæmi 109  
 Multiple District 109 Iceland  
 Opinbert málgagn Lions Clubs  
 International, gefið út í umboði  
 alþjóðastjórnar Lions á tuttugu  
 tungumálum: Dönsku, ensku,  
 farsí, finnsku, flæmsku, frönsku,  
 grísku, hollensku, íslensku,  
 ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,  
 norsku, portúgölsku,  
 spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku  
 og þýsku. Þrjátíu  
 Lionsblöð eru gefin út í heiminum.  
 Útgefandi LION á íslensku:  
 FJÖLUMDÆMI 109  
 Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári,  
 fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í  
 netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í  
 netútgáfu.  
 Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201  
 Kópavogur er opin alla virka daga frá  
 kl. 09.00 til 14.00  
 Sími: 561 3122  
 Fax: 561 5122  
 e-mail / netfang: lions@lions.is  
 Heimasíða Lions: lions.is  
 Skrifstofustjóri: Kolfinna  
 Guðmundsdóttir



**FJÖLUMDÆMISRÁÐ**  
**FJÖLUMDÆMIS 109**  
 Starfsárið 2018 – 2019  
 Fjölumðæmisstjóri: Björg Bára  
 Halldórsdóttir, Lkl. Rán.  
 Umdæmisstjóri 109A: Geirþrúður F.  
 Bogadóttir, Lkl. Æsa.  
 Umdæmisstjóri 109B: Sigfríð  
 Andradóttir, Lkl. Búðardals  
 Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi  
 Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.  
 Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,  
 Lkl. Vitaðsgjafi.  
 Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Jón  
 Pálmason, Lkl. Víðarr  
 Vara fjölumðæmisstjóri: Ellert  
 Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.  
 Protokol- og þingstjóri: Kristinn  
 Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.  
 Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Víðar  
 Friðriksson, Lkl. Hængur.  
 Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,  
 Lkl. Hæng.  
 Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,  
 Lkl. Fjörgyn.

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell  
 Cýrusson, Lkl. Búðardals.  
 Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,  
 Lkl. Vitaðsgjafi.  
 GLT stjóri (menntun og  
 leiðtogaþjálfun): Halldór  
 Kristjánsson,  
 Lkl. Ásbirni.  
 GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):  
 Jón Gröndal, Lkl. Njörður.  
 GMT/konur í Lions: Hrunð  
 Hjaltadóttir, Lkl. Fold  
 GST stjóri: (verkefni) Pálmi  
 Hannesson, Lkl. Garði.  
 NSR-AU nefndarmaður: Jón  
 Pálmason, Lkl. Víðarr  
 Alþjóðaforsætli Lions: Guðrún Björt  
 Yngvadóttir, Lkl. Eik.  
 Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finns-  
 dóttir, Lkl. Úa.  
 Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni  
 Þorsteinsson fyrr.  
 alþjóðastjórnarmaður,  
 Lkl. Mosfellsbæjar.  
 Hjálparstjórnastjóri: Kristinn G.  
 Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.  
 Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís  
 Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.  
 Laganefnd (form.): Gissur Júní  
 Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar  
 LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,  
 Lkl. Mosfellsbæjar.  
 Lions Quest stjóri: Hrunð Hjaltadóttir,  
 Lkl. Fold  
 MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,  
 Lkl. Eik.  
 MedicAlert gjaldkeri: Margrét  
 Jónsdóttir, Lkl. Fold  
 MedicAlert ritari: Anna Kristín  
 Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold  
 Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,  
 Lkl. Ylfa.  
 Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín  
 Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.  
 Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur  
 Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.  
 Skoðunarmaður (aðal): Benjamín  
 Jósefsson, Lkl. Akranesi.  
 Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.  
 Ingíbergisdóttir, Lkl. Eik.  
 Skoðunarmaður (vara): Kristín  
 Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.  
 Varaumðæmisstjóri 109A: Jóhanna  
 Thorsteinsson, Lkl. Eir  
 Varaumðæmisstjóri 109B: Bragi  
 Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar  
 Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:  
 Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur.  
 Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:  
 Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hængur.


**Fjölumðæmisstjórn:**



Björg Bára Halldórsdóttir,  
 fjölumðæmisstjóri. Björg  
 Bára er félagi í  
 Lionsklúbbum Rán. Ef  
 þú þarft að hafa samband  
 við hana þá er netfang  
 hennar: bjorgbara@  
 simmet.is



Geirþrúður Fanney  
 Bogadóttir, umdæmisstjóri  
 109 A. Geirþrúður er  
 félagi í Lionsklúbbum  
 Æsu. Ef þú þarft að hafa  
 samband við hana þá er  
 netfang hennar: gfb@  
 ismennt.is



Sigfríð Andradóttir,  
 umdæmisstjóri 109 B.  
 Sigfríð er félagi í Lionsklúbbum  
 Búðardals. Ef þú þarft að  
 hafa samband við hana þá  
 er netfang hennar:  
 sigfrida@simmet.is

**Framkvæmdastjórn**  
**Lionsshreyfingarinnar 2018 – 2019:**  
 International President: Guðrún Björt  
 Yngvadóttir Ísland  
 Immediate Past President: Naresh  
 Aggarwal Indland  
 First Vice President: Jung-Yul Choi  
 Suður Kórea  
 Second Vice President: Haynes  
 Townsend, USA  
 Third Vice President: Brian E. Sheehan,  
 USA

**First Year Directors:**  
 Muhammad Adrees,  
 Qazi Akram Uddin Ahmed,  
 Shoichi Anzawa,  
 Billy J. (B.J.) Blankenship,  
 Gary F. Brown,  
 Rodolfo Espinal,  
 Liao-Chuan Huang,  
 Jongseok Kim,  
 Dr. Nawal Jugalkishor Malu,  
 Geoffrey Leeder,  
 Mark S. Lyon,  
 Heimo Potinkara,  
 JP Singh,  
 Steve Thornton,  
 Juswan Tjoe,  
 A. Geoffrey Wade,  
 Dr. Walter Zemrosser.

**Second Year Directors:**  
 Doo-Hoon Ahn,  
 Sandro Castellana,  
 Hastings E. Chiti,  
 William Galligani,  
 Thomas Gordon,  
 Nicolás Jara Orellana,  
 Ardie Klemish,  
 Alice Chitning Lau,  
 Connie Lecleir-Meyer,  
 Virinder Kumar Luthra,  
 Datuk K. Nagaratnam,  
 Don Noland,  
 Regina Risken,  
 Yoshio Satoh,  
 Patricia Vannett,  
 Gwen White.  
 Nicholas Xinopoulos/Jennifer Ware  
 Jaepung Yoo

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og  
 dreifing: Lionsklúbburinn Eir

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.  
 Forsíðumynd: Mynd tekin úr Bæklingi  
 Guðrúnar Yngvadóttur.



Skilafrestur á efni í næsta blað er 7. febrúar

# Jólahugvekja

## Magnús Magnússon

Þarfnast þú handa minna, Drottinn,  
til að geta hjálpað,  
sjúkum, fátækum og nauðstöddum?  
Drottinn, í dag vil ég gefa þér hendur mínar.

Þarfnast þú fóta minna, Drottinn,  
til að geta vitjað þeirra,  
sem einmana eru og án vonar?  
Drottinn, í dag vil ég gefa þér fætur mína.

Þarfnast þú vara minna, Drottinn,  
til að geta talað til allra þeirra,  
sem þrá kærleiksríkt orð og viðmót?  
Drottinn, í dag vil ég gefa þér varir mínar.

Þarfnast þú hjarta míns, Drottinn,  
til að geta elskað  
skilyrðislaust sérhvern mann?  
Drottinn, í dag vil ég gefa þér hjarta mitt.

Þannig hljóðar bænaljóðið „Í dag vil ég gefa“ eftir móður Theresu heitna og er viðeigandi að íhuga í aðdraganda jólanna. Þegar við undirbúum fæðingarhátíð frelsarans og fögnun stærstu og mestu kærleiksgjöf sem mannkyni hefur hlotnast, Guðssyni Jesú Kristi. Með

fæðingu hans, sem og ræðum, sögum og verkum, fengum við innsýn í guðdóminn og til hvers Guð ætlast af okkur. Yfirskrift tilætlunar Guðs af okkur mætti ramma inn og segja: „Í dag skaltu gefa“ og ljóð móður Theresu er andsvar við þessu boði Guðs.

Það voru ekki allir tilbúnir að gefa eða veita liðsinni þegar Jesús kom í okkar heim eins og segir frá í jólaguðspjallinu. María og Jósef fóru hús úr húsi þegar þau komu til Betlehem í leit að gistiskjól. Enginn var tilbúinn að gefa sér tíma fyrir þau, hliðra til eða veita þeim liðsinni þrátt fyrir að María væri komin á fæðingartíma. Helgisögur sem tengjast jólaguðspjallinu leiða að því líkum að síðasti gistihúseigandinn sem þau knúðu dyra hjá hafi miskunnað sig yfir þau og bent þeim á að þótt gistihúsið væri fullt þá væri bakatil gripahús sem þau gætu vissulega gist í ef þau kærðu sig um. Þau þáðu þann velgjörning og stimpluðu sig inn í gripahúsið. Í þessu vinabragði gistihúseigands sjáum við skýrt dæmi um það hvað það getur alið af sér mikinn kærleik og ómetanlega hjálpsemi þegar menn endurskoða hug sinn og jafnvel hugsa með hjartanu í stað þess að svara með stífni, kaldlyndi og ósveigjanleika.



Hvar sem í stétt við stöndum og hversu erfið sem viðfangsefnið eru sem við fáum í fangið þá megum við ekki gleyma því að starf okkar og lífið allt er með einum eða öðrum hætti þjónusta við náungann. Biðjum Guð að gefa okkur þolinmæði og skynsemi, virðingu og hugrekki í þeirri þjónustu. Ef við förum af stað með þessi bænarorð á vörum þá munum við finna að í hverju og einu okkar er fólgin styrkur, sem öllu myrkri getur eitt.



## Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er þriðja tölublað þessa starfsárs komið út sem er jólablaðið okkar. Þetta blað er bæði prentað og eins netblað eins og öll okkar blöð eru.

Greinar frá klúbbum og félögum hafa skilað sér vel inn í þetta blað og fagna ég því þar sem greinar voru fáar í síðasta blaði. Vonandi verður áframhald á því eftir áramót. Blaðið er, eins og áður sagði, jólablað þó að ekki séu greinarnar sem í því eru tengdar því beint. Ég hef fengið einhvern til þess að skrifa hugvekju í þetta blað og að þessu sinni er það séra Magnús Magnússon sóknarprestur og lionsfélagi sem skrifaði hugvekjuna og kann ég honum bestu þakkir fyrir.

Umdæmisstjóraráð ákvað að fresta útgáfu þessa blaðs um eina viku svo hægt verði að segja frá í máli og myndum heimsókn alþjóðaforseta Lions, Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur, til Íslands. Heimsókn hennar var 28. til 30. nóvember og er sagt frá henni í þessu blaði bæði í máli og myndum.

Heimtur á könnun um dreifingu voru þokkalegar og komu nokkuð fleiri svör við henni úr B umdæminu sem kom mér á óvart þar sem klúbbar eru mun fleiri í A umdæminu. Ég er í þann mund að klára að fara yfir niðurstöður og mun að öllum líkindum kynna þær í febrúarblaðinu.

17. nóvember síðastliðinn voru fundir bæði hjá umdæmisstjórnunum og eins hjá fjöllum dæmisstjórn. Þessir fundir tókust nokkuð vel og munu fundargerðir verða sendar út eins fljótt og auðið er. Margt var rætt á þessum fundum og var m.a. tekin ákvörðun um að „Rauðu fjaðrar“ söfnun okkar í vor verður nýtt til þess að styrkja málaflokkinn „Sykursýki“ sem er einn af aðalflokkum okkar. Nánari útlitun á því verður kynnt síðar en nefnd var skipuð til að skipuleggja nánar í hvað ber að nýta það sem safnast og verður það vel kynnt fyrir ykkur kærur félagar.

Á næsta leiti eru jólin og allt sem að þeim snýr. Munum það kærur félagar að sú hátíð hefur oft verið nefnd; „hátíð ljóss og friðar“. Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og þakka öllum fyrir árið sem er að líða og vona að næsta ár verði öllum hagfellt.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Ég þakka öllum þeim sem hafa sent greinar í blaðið að þessu sinni og óska öllum félögum góðs gengis í störfum sínum í vetur bæði í lionsstarfinu sem og öðrum.

Netfang Lionsblaðsins er: [lbl@simnet.is](mailto:lbl@simnet.is)

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Margir misskilja leiðarstefið í ljóði móður Theresu þannig að aðeins efnislegir og dýrir hlutir í ómældum umbúðum séu þeir einu sem geti talist til gjafa. Hér er mikilvægt að staldra við. Það er hægt að gefa á annan hátt. Gefa af sér í stað dýrra efnislegra gjafa. Gefa nærveru í stað fjarveru. Gefa innihald í stað umbúða. Gefa góða framkomu og orðræðu bæði í raunheimum og netheimum.

Umræðumenning og skoðanaskipti, sérstaklega á netmiðlum eru stundum við sársaukamörk og virðing fyrir manneskjinni er látin lönd og leið þegar vaðið er í manninn en ekki boltann. Við þurfum að endurvekja þrúða og drengilega umræðuhefð. Takast á um málefni en sýna þann þroska að láta persónu-

legar þrætur ekki lita skoðanaskiptin. Muna að manneskjan að baki skoðuninum er dýrmæt. Þess vegna er mikilvægt að leggja sig fram í kristnum anda; að hugsa hlýlega um, að tala vel til og að gjöra náunganum gott. Góðar og hlýjar hugsanir, orð og gjörðir til handa náunga okkar eru óendanlega mikilvægar vörður á leiðinni til þess að bæta samfélag og þjóðfélag. Það heitir að lifa trú sína. Það er mikill kraftur fólgin í góðvilja, góðsemi og trú sem starfar í kærleika. Við vitum til hvers við viljum verja lífinu. Ekkert er meira virði en lifandi fólk. Ástvinir, vinir og samferðafólk gegnum lífið. Á jólum verða okkur þessi augljósu sannindi hugstæð. Enda birtist í helgri jólahátíð kjarni kristinnar trúar; þ.e. ábyrgð

okkar gagnvart náunganum, lífinu og höfundu þess. Með trú og trausti til hans, göngum við bjartsýn og brosandandi til komandi hátíðar.

Með hendur, tilbúnað að hjálpa nauðstöddum.

Með fætur, tilbúnað að vitja einmana.

Með varir, tilbúnað að mæla kærleiksríkt orð í eyra.

Með hjarta, tilbúið að elska náungann skilyrðislaust.

Megi Drottinn Guð gefa þér og þinni fjölskyldu gæfurika aðventu og gleðileg jól.

## Hjá Lionsfélögum gerast góðverkin sjálfkrafa

### Pistill Alþjóðaforseta



Sælir Lionsfélagar  
Það er auðvelt að fyllast vanmáttar þegar þið lesið fréttir í dag. Veröldin virðist vera full af ranglæti og fjöldi fólks þarfnast hjálpar. Stundum snúum við okkur ósjálfrátt undan.

En Lionsfélagar gera það gagnstæða. Við tökum áskorunum. Lionsfélagar vita að það er alltaf pláss fyrir góðverk og engin áskorun er of stór fyrir okkur. Við vitum að eitt lítið góðverk hefur þann eiginleika að margfaldast í stóra bylgju vonar og hughreystingar hjá þeim sem þurfa og gleður hjörtu okkar í leiðinni.

Ég er ósegjanlega hreykin af hinni hnattrænu góðverkabaráttu okkar vegna þess að ég veit að það snertir hjörtun að vita hvað Lions er og hvers vegna við gerum það sem

við erum að gera. Við sjáum einstakling í þörf og við framkvæmum vitandi það að með því að gera lífið betra fyrir þann einstakling hefur gáruáhrif í gegnum samfélög, þjóðir og veröldina.

Ég óska ykkur alls hins besta á jólahátíðinni. Eins vona ég að þú gerir líka eitthvað umhugsunarvert fyrir einhvern sem þarf á að halda, þá gera góðverk þín jóln bjartari og hátíðlegri hjá þeim einstaklingi.

Ykkar

Guðrún Yngvadóttir

Þýðing: Geir Hauksson



## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

# Alþjóðahjálparsjóðurinn Ákall til allra Lionsfélaga



Kristinn Hannesson

Protokol- og þingstjóri, Lkl. Mos



Í nýju alþjóðlegu fjáröflunarátaki Alþjóðahjálparsjóðsins (LCIF), Campaign 100 er sérstaklega kallað eftir því að Lionsfélagar láti ekki sitt eftir liggja.

Sýni viljann í verki og séu góðar fyrirmyndir.

## Stuðningur Lionsfélaga í verki

- Til þess að árangurinn verði sem bestur þurfa Lionsfélagar að vera tilbúnir til að leita eftir stuðningi frá einstaklingum utan

hreyfingarinnar, leita eftir stuðningi frá fyrirtækjum og stofnunum, öðrum félagsamtökum og yfirleitt hverjum sem þeim helst dettur til hugar.

- Hvatt er til þess að klúbbar standi fyrir sérstökum fjáröflunum fyrir þetta átak. Það er gert til þess að önnur verkefni sem klúbbar standa fyrir líði ekki fyrir þetta átak.
- Til þess að geta gert það er nauðsynlegt að þekkja helstu áherslur átaksins og geta svarað algengum spurningum um það
- Í hvað fara peningarnir?
- Af hverju þessi verkefni?
- Auðvitað geta spurningarnar orðið fjölmargar og ekki hægt að ætlast til að félagar geti svarað þeim öllum. Þá er um að gera að leita til LCIF teymisins á Íslandi
- Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að öll framlög sem berast má nota til að safna fyrir Melvin Jones viðurkenningu.
- Einstaklingar geta safnað því sjálfir eða merkt það klúbbum til eignar.

## Persónuleg framlög Lionsfélaga

Til þess að geta leitað eftir stuðningi hjá öðrum er æskilegt að Lionsfélagar sjálfir setji gott fordæmi. Það sama á við ef við viljum hvetja aðra Lionsfélaga til að styðja átakið.

Ég get alla vega ekki með góðri samvisku óskað eftir stuðningi frá neinum nema hafa sjálfur lagt eitthvað af mörkum

Í þessu átaki er sérstaklega kallað eftir að Lionsfélagar um allan heim láti ekki sitt eftir liggja.

Flest erum við að styðja ýmis hjálparsamtök. Við getum nefnt Landsbjörg með sína bakverði, Hjartavernd, Krabbameinsfélagið, Blindravinafélagið og svo mætti lengi telja.

Af hverju ekki að styrkja okkar eigin hjálparsjóð. Hvern munar um 5.000 kr. á ári eða eignum við að segja 100 kr. á viku.

Af hverju ekki að fá svo styrktarsjóð klúbbsins til að jafna framlög félagann.

10.000 kr. á ári fyrir hvern féлага gera kraftaverk.

Á heimasíðunni [www.lions.is](http://www.lions.is) er hlekkur á íslenskar upplýsingar um Campaign 100.



## Lionsklúbburinn Hængur

Miðvikudaginn 21. nóvember fékk Lionsklúbburinn Hængur til sín góða gesti frá Unghugahóp Grófarinnar - Geðverndarmiðstöðvar.

Tílefni heimsóknarinnar var að veita Unghugum afraksturinn af Herrakvöldi Hængs, sem var haldið 9. nóvember. Kvöldið gekk mjög vel og voru þeim færðar kr. 850.000,-. Í ræðu sinni sagði Björn Guðmundsson, formaður herrakvöldsnefndar það mikinn heiður fyrir Lionsklúbbinn Hæng að geta lagt mikilvægum málaflokki lið í nærsamfélaginu okkar.

Markmið Unghuga er að skapa vinalegt umhverfi fyrir einstaklinga sem glíma við geðræn vandamál og / eða félagslega einangrun, þar sem þeir geta unnið í sínum vandamálum og rofið félagslega einangrun í gegnum fundi og aðra viðburði.

Aðspurð sagði Valdís Eyja Pálsdóttir, forstöðumaður Grófarinnar að fénu verði varið til að breyta núverandi



hráu geymslurými í vistlega félagsaðstöðu fyrir unghuga Grófarinnar. Stefnt er að því að mála vegg, leggja gólfefni, fjölga rafmagnstenglum og bæta lýsingu.

Við styrknum tóku þeir Fjölörn Helgi Sævarsson og Richard Bouman, formannsteymi Unghuga, úr hendi formanns Lionsklúbbsins Hængs, Þórólfs Egilssonar.

## Opinber heimsókn alþjóðaforseta til Íslands



Alþjóðaforseti Guðrún Björt ásamt föruneyti í opinberri heimsókn til forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar.

Miðvikudaginn 28. nóvember kom Guðrún Björt Yngvadóttir, alþjóðaforseti Lions, í opinbera heimsókn til Íslands.

Dagskráin hófst með heimsókn til Forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessonar. Í fylgdarliði Guðrúnar Bjartar voru eiginmaður hennar Dr. Jón Bjarni Þorsteinsson, fjölum-dæmisstjóri, báðir umdæmisstjórnarmir ásamt mökum og Kristinn Hannesson, prótókollstjóri Lions á Íslandi, sem skipulagði heimsóknina.

Því næst var haldið í Lionsheimilið í Kópavogi þar sem fram fór fundur alþjóðaforseta með fjölum-dæmisstjóra, umdæmisstjórum og öllum varaumdæmisstjórum. Guðrún Björt fór yfir áherslur sínar og framtíðarsýn fyrir Lionshreyfinguna í heiminum.

Kl. 17 var opið hús í Lionsheimilinu. Fjöl-margir Lionsfélagar notuðu tækifærið til að hitta Guðrúnu Björt sem hélt mjög upplýsandi ávarp ásamt því að svara spurningum úr sal. Veittar voru viðurkenningar og málin rædd yfir kaffisopa og piparkökum.

Um kvöldið var dagskrá á Hótel Sögu, með núverandi og fyrrverandi umdæmis- og fjöl-umdæmisstjórum. Guðrún Björt ávarpaði viðstadda, svaraði spurningum og afhenti viðurkenningar.



Guðrún Björt, Björg Bára, Guðni, Sigfríð og Geirþrúður Fanney.

Daginn eftir, þann 29. nóvember var ætlunin að halda norður fyrir heiðar, þar sem búið var að skipuleggja móttöku og dagskrá í Eyjafirði. Því miður varð að fella þá heimsókn niður, vegna veðurs, en Norðlendingar héldu dagskránni að hluta til og Guðrún Björt ávarpaði hátíðarfund þeirra, með hjálp tækninnar. Þeim fundi er gerð góð skil hér í blaðinu.

Lionskveðjur,

Stýrurnar 2018-2019  
Björg Bára, Geirþrúður og Sigfríð



Fundargestir í Lionsheimilinu Kópavogi.





Magnús Sigsteinsson hlaut International President's Award fyrir alla þá miklu vinnu sem hann hefur lagt af höndum fyrir íslensku lionshreyfinguna.



Bragi Ragnarsson Lkl. Mosfellsbæjar hlaut Certificate of Appreciation viðurkenningu fyrir skipulagningu og stjórnun ungmennabúðanna sem voru haldnar af Lionsklúbbunum í Mosfellsbæ og Borgarnesi 2018.



Vala Lee Jóhannsdóttir Lkl. Öglu Borgarnesi hlaut Certificate of Appreciation viðurkenningu fyrir alla vinnuna sem hún lagði af hendi við ungmennabúðirnar 2018.



Thelma Rós Kristinsdóttir Lkl. Eden Hoeragerði hlaut Certificate of Appreciation viðurkenningu fyrir fjölgun í sínum klúbbi.



Ólöf Ingibergsdóttir Lkl. Eden Hoeragerði fékk New Voices viðurkenningu fyrir membership (félagann).



Kristjana Björg Júlíusdóttir, Lkl. Emblu Selfossi hlaut Certificate of Appreciation viðurkenningu fyrir framtakssemi og dugnað í sínum klúbbi.



Inga Lóa Steinarsdóttir Lionessklúbbi Keflavíkur hlaut District Governor's Appreciation Award viðurkenningu á öllu því starfi sem hún hefur lagt til vegna klúbbsins síns, sæðisins og nú síðast við Lionsþingið 2018.



Einar Bjarnason Lkl. Grindavíkur hlaut Certificate of Appreciation viðurkenningu fyrir vinnu sína við undirbúning Lionsþings 2018.



Ellert Eggertsson Lkl. Hafnarfjarðar hlaut bronsviðurkenningu Lions Clubs International Foundation fyrir framgöngu sína í að safna fé til LCIF frá Lionsfélögum og klúbbum á síðasta starfsári.



Magnús Aadnegard Lkl. Hafnarfjarðar hlaut Certificate of Appreciation viðurkenningu fyrir einstaklega öflugt starf við fjáröflun fyrir verkefnasjóð klúbbsins.



Jón Pálmason Lkl. Viðarri Reykjavíkur hlaut bronsviðurkenningu Lions Clubs International Foundation fyrir framgöngu sína í að safna fé til LCIF frá Lionsfélögum og klúbbum á síðasta starfsári og einnig hlaut hann International President's Award fyrir sína miklu vinnu fyrir GBY á þinginu í Las Vegas sumarið 2018.



Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu á Selfossi hlaut bronsviðurkenningu Lions Clubs International Foundation fyrir framgöngu sína í að safna fé til LCIF frá Lionsfélögum og klúbbum á síðasta starfsári í A-umdæminu og einnig hlaut hún International President's Award fyrir sína miklu vinnu fyrir GBY á þinginu í Las Vegas sumarið 2018.

## Heimsókn Alþjóðaforseta til Akureyrar



Anna Sigríður Halldórsdóttir, svæðistjóri á svæði 6. setti hátíðina.



Arni V. Friðrikson sæmdur forsetaorðinni, International President Award, næst æðstu orðu sem hægt er að veita í alþjóðahreyfingu Lionsklúbba.



Allt getur hann Björn. Nú fékk hann það stóra verkefni að fara í fótin þeirra Kristins Hannessonar og Guðrúnar Bjartar og stýrði samkomunni með þryði.



Afhjúpaður var skjöldur sem verður komið fyrir í Guðrúnarlundi í nýjum Hængskógi.



Afhending á styrkjum til bókarkaupa til allra grunnskóla frá Siglufirði austur til Þórshafnar til heiðurs Alþjóðaforseta Guðrúnar Björt Yngvadóttur.



Nýjrir félagar í nýjasta klúbbum okkar, Lkl Sif sem er deild út frá Vitaðsgjafa. Bjóðum þær sérstaklega velkomnar í hreyfinguna.

29. nóvember. Dagurinn sem allir Lions menn og konur á svæði sex í umdæmi 109B höfðu beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrsta konan til að gegna embætti alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar, var væntanleg til Akureyrar í opinbera heimsókn. Klúbbarnir á svæðinu höfðu sett upp stífa dagskrá sem átti að hefjast strax í morgunsvárið og standa fram eftir kvöldi. Þennan dag skall svo á fyrsta hríð vetrarins. Já fyrsta hríð vetrarins kom þann 28. nóvember og allar samgöngur á landinu voru í lamasessi og alþjóðaforsetinn og hans fylgdarlið varð því veðurteppt í Reykjavík. Lionsfólk á svæði sex lét það ekki stoppa sig og hélt sig að hluta við fyrir fram ákveðna dagskrá.

Í tilefni af heimsókn og til heiðurs Guðrúnar tóku allir klúbbar á svæði sex, níu talsins, og sameinuðust um bókaþjóf til allra grunnskóla á norðurlandi frá Siglufirði og austur að Þórshöfn. Nam verðmæti gjafarinnar alls um 2.000.000 kr, sem jafngildir um 10.000 kr á hvern Lionsfélag. Veittu skólabókasafnsfræðingar skólanna þeim viðtöku í Brekkuskóla á Akureyri.

Þegar kvöldi tók hittust Lionsfélagar í Golfskálanum að Jaðri. Bílastæðið hafði ekki

verið rutt síðan kl 14:00 um daginn og því hófst kvöldið á því að einn og einn festi sig þar á planinu. Við í Lions leggjum lið og því voru menn ekki lengi fastir í skafli og komust allir af bílastæðinu og inn í hlýjuna. Þarna voru samankomnir þeir félagar klúbba svæðisins, allavega þeir sem ekki voru innlyksa í sinni heimabyggð vegna veðurs.

Dagskrá kvöldsins var einkar glæsileg og þrátt fyrir fjarveru Guðrúnar Bjartar héldu skipuleggjendur sínu striki og fór allt fram eins og Alþjóðaforsetinn hefði verið á svæðinu. Anna S. Halldórsdóttir, svæðisstjóri svæðis 6, ávarpaði viðstadda í upphafi samkomunnar. Kom hún meðal annars að því að klúbbarnir á svæði 6. hefðu sameinast í því að leggja \$1.000 til LCIF í nafni Guðrúnar Bjartar Alþjóðaforseta sem þakklætisvott fyrir það mikla starf og kynningu sem hún færir hreyfingunni okkar. Eftir ræðu hennar gaf hún Birni Guðmundssyni orðið. En Björn var staðgengill Kristins Hannessonar auk þess að hlaupa í skarðið fyrir alþjóðaforseta, fórst honum verkið vel úr hendi eins og honum er einum lagið. Björn fór í stuttu máli yfir málavexti dagsins sem leið og benti á hversu miklu Lions fólk á svæðinu hefði áorkað í undirbúningi fyrir

þennan dag, og lagt til um sjö milljónir til góðra verka og málefna af þessu tilefni.

Að borðhaldi loknu var spilið kveðja frá Guðrúnu Björtu, Alþjóðaforseta, sem hún hafði tekið upp fyrr um daginn og kom í stað ávarps hennar á staðnum. Í ávarpinu þakkaði hún öllum Lionsklúbbum og Lionsfólki fyrir þeirra framlag í kringum heimsóknina og allt starf þeirra fyrir Lions hreyfinguna.

Til stóð Guðrún Björt myndi vígja forlata skógreit hængsmanna þar sem félagar í Lkl Hæng hafa gróðursett u.þ.b. 3800 trjáplöntur. Í stað formlegrar vígslu á skógreitnum afhjúpaði Björn Guðmundsson f.h. alþjóðaforseta skjöld sem mun standa við Guðrúnartré í Guðrúnarlundi í Hængskógi í Glerárdal.

Næst á dagskránni var inntaka nýrra félaga, fyrst gekk í Lkl Ylfu, Gerður Jónsdóttir yngri. Í kjölfarið fór fram formleg stofnun kvennadeildar innan Lkl Vitaðsgjafa í Eyjafirði. Kvennadeildin hlaut nafnið Sif og eru stofnfélagar 15 talsins. Að því loknu steig ungur Akureyringur á svið og heillaði alla viðstadda með söng og gítarspili. Þessi ungi maður heitir Birkir Blær Óðinsson og vann meðal annars síðustu Söngkeppni Framhaldsskólanna.

Þegar Birkir hafði lokið sér af hélt formleg





Eftirfarandi hlutu International Leadership Award fyrir sérstaklega gott starf í þágu Lionshreyfingarinnar. Frá hægri: Valgerður Bragadóttir Lkl. Ösp Akureyri, Gerður Jónsdóttir Lkl. Ylfa Akureyri og Stefán Árnason Lkl. Vitaðsgjafa, Eyjafjarðarsveit.



Þrátt fyrir erfiða færð um bæ og nágrannasveitarfelög komum við saman 120 í stað 190 eins og til stóð.



Gerður Jónsdóttir yngri tekin inn í Lkl. Ylfa Akureyri. Ásamt henni eru á myndinni meðmælandinn hennar Guðrún Þ. Þórðardóttir og Anna Blöndal formaður klúbbsins.



Sigurgeir Hreinsson Lkl Vitaðsgjafa og Bylgja Sveinbjörnsdóttir Lkl. Sif veitt Certificate of Appreciation frá Alþjóðaforseta fyrir stofnum Lkl Sifjar út frá Lkl. Vitaðsgjafa.



Eftirtalin fengu Melvin Jones viðurkenningu frá sínum klúbbum. Séð frá vinstri: María Ingadóttir Lkl. Ösp Akureyri, Soffía Pálmadóttir Lkl. Ylfa Akureyri, Sigurður Halldórsson Lkl. Akureyrar. Guðjón Andri Gylfason Lkl. Hængur Akureyri, Kjartan Kjartansson Lkl. Hængur Akureyri, Árni Páll Halldórsson Lkl. Hængur Akureyri, Ásgeir Hallgrímsson Lkl. Hængur Akureyri, Ástríður Johnsen Lkl. Ösp Akureyri, Jón Heiðar Árnason Lkl. Hængur Akureyri, á myndina vantar Brynjar Hauk Sigfússon Lkl. Hrærek Árskógsströnd og Sigurð Tryggva Konráðsson Lkl. Hrærek Árskógsströnd.



dagskrá áfram og veittar viðurkenningar frá Alþjóðaforseta. Certificate of Appreciation hlutu Sigurgeir Hreinsson Lkl Vitaðsgjafa og Bylgja Sveinbjörnsdóttir formaður hins nýstofnaða Lkl Sifjar fyrir þeirra frábæra starf við stofnun Sifjar, kvennadeildarinnar frá Vitaðsgjafa. Björn Guðmundsson, fráfarandi umdæmisstjóri 109B og Kristinn Hannesson, LCIF stjóri fjöllumdæmisins, hlutu bronsviðurkenningu Lions Clubs International Foundation fyrir framgöngu sína í að safna fé til LCIF frá Lionsfélögum og klúbbum á síðasta starfsári.

Næst voru veittar 11 Melvin Jones viðurkenningar til félaga frá klúbbum sem þeir starfa í. Þeir félagar sem þær hlutu voru þau Ástríður Johnsen Lkl. Ösp Akureyri, María Ingadóttir Lkl. Ösp Akureyri, Soffía Pálmadóttir Lkl. Ylfa Akureyri, Brynjar Haukur Sigfússon Lkl. Hrærekur Árskógsströnd, Sigurður Tryggvi Konráðsson Lkl. Hrærekur Árskógsströnd, Jón Heiðar Árnason Lkl. Hængur Akureyri, Ásgeir Hallgrímsson Lkl. Hængur Akureyri, Árni Páll Halldórsson Lkl. Hængur Akureyri, Kjartan Kjartansson Lkl. Hængur Akureyri, Guðjón Andri Gylfason Lkl. Hængur Akureyri og Sigurður Halldórsson Lkl Akureyrar. Melvin Jones viðurkenningu hlutu þau fyrir gott og

óeingingjarnt starf fyrir Lionshreyfinguna, þá sérstaklega innan sinna klúbba.

Að lokinni Melvin Jones athöfninni voru veittar fleiri viðurkenningar frá Alþjóðaforseta. Certificate of Appreciation hlutu hlutu Magnús Svavarsson, Lkl. Sauðárkróks, fyrir kraftinn og dugnaðinn við fjáröflunar vegna skynörvunarherbergis. Svava Svavarsdóttir, Lkl. Björk Sauðárkróki fyrir mikla vinnu vegna fjáröflunar skynörvunarherbergis og áður nefndur Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng Akureyri fyrir hans öfluga og óeingingjarna starf við endurreisn Lkl. Blönduóss.

Þá var komið að því að veita fjórum félögum viðurkenningar fyrir frábær störf og leiðtoga-hæfileika í starfi fyrir Lionshreyfinguna, International Leadership Medal frá Alþjóðaforseta. Þær viðurkenningar hlutu Valgerður Bragadóttir Lkl. Ösp Akureyri fyrir mikla leiðtoga-hæfileika. Gerður Jónsdóttir Lkl. Ylfa Akureyri fyrir mikið og óeingingjarnt starf fyrir hreyfinguna. Tryggvi Kristjánsson Lkl. Dalvíkur fyrir virkt starf innan Lionshreyfingarinnar. Stefán Árnason Lkl. Vitaðsgjafa fyrir fórnfúst starf fyrir Lions hreyfinguna m.a. vegna talsverðar vinnu við framboð Guðrúnar Bjartar í Las Vegas.

Að lokum voru veittar forsetaorður, Inter-

national President's Award. En sú orða er sú næstæðsta orða sem hægt er að veita innann Alþjóðahreyfingar Lionsklúbba. Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úu Mosfellsbæ var sæmd forsetaorðunni fyrir framúrskarandi starf í sýnum klúbbi, umdæmisins, fjöllumdæmisins og þá ekki síst fyrir mikið og óeingingjarnt starf vegna framboðs Guðrúnar Bjartar til Alþjóðaforseta. Jafnframt var Árna V. Friðrikson, Lkl. Hæng Akureyri sæmdur forsetaorðunni fyrir áratuga fórnfúst starf í þágu síns klúbbs, umdæmis og fjöllumdæmis. Aldeilis vel að þessum orðum komin bæði tvö.

Að þessu loknu var samkomunni formlega slitið og fóru Lions félagar að tynast hver til síns heima eftir frábæran dag, þrátt fyrir að heiðursgesturinn og hans fylgdarlið hafi verið veðurteppt sunnan heiða, var þeirra sárt saknað á samkomunni.

Jón Ágúst Eyjólfsson, Lkl. Hæng Akureyri



# Heimurinn þarf á Lions Clubs International Foundation að halda

Á 16 ára afmælinu sínu fékk Brooklyn Driver ökuskrúteinið sitt. Á táningsaldri var hún fyrirliði tennisliðsins sem hún spilaði með og leiðtogi þeirra í keppnisferðalagi um Evrópu. Hún var ein af bestu skyttum liðsins.

Það var henni mikið áfall þegar hún, aðeins 18 ára, greindist með alvarlegan augnsjúkdóm. Fljótlega kom í ljós að hún myndi aldrei geta keyrt bíl, spilað tennis eða gert annað sem unglíngum finnst skemmtilegt að gera.

Fyrir tilstilli Lions tókst Brooklyn að yfirstíga margar hindranir. Í 10 ár fékk hún viðeigandi meðferð og umönnun á á Lions augnsjúkdómadeild á Vanderbilt barnasjúkrahúsinu í Nashville Tennessee.

„Án hjálpar Lions hefði ég aldrei getað náð svona góðum árangri,“ Segir Brooklyn. „Alþjóðahjálparsjóður Lionshreyfingarinnar (LCIF) breytti lífi mínu, gerði það sem virtist ómögulegt að veruleika.“



## Alþjóðlegur hjálparsjóður, mikil áhrif í heimabyggð

Viða um heim er Lions vel þekkt fyrir þá aðstoð sem þeir veita einstaklingum með sjónvandamál. En störf Lions ná þó langt út fyrir landamæra sjónverndar. Lions veitir þjónustu og umhyggju á átta mikilvægum sviðum og nýtt fjáröflunaráttak alþjóðahjálparsjóðsins, Campaign 100: Empowering Service mun tryggja að Lions geti áfram verið í fararbroddi alþjóðlegra hjálparsjóða og þjónað þeim sem minna mega sín.

## Aukin áhrif af þjónustu Lionshreyfingarinnar Sjónvernd:

Vera áfram leiðandi afl í baráttunni gegn blindu með sérstaka áherslu blindu sem hægt er að koma í veg fyrir og baráttu gegn smitandi sjúkdómum sem valda blindu

## Ungmennni:

Meira en 16 milljón ungmenni hafa þegar fengið „kennslu“ í Lions Quest verkefninu. Með nýju fjáröflunaráttaki verður hægt að bæta enn við kennsluna, þjálfa fleiri leiðbeinendur og bæta kennslufnið.

## Aðstoð vegna náttúruhamfara:

Með auknu fjármagni frá átakinu getur alþjóðahjálparsjóðurinn verið betur í stakk búinn til að takast á við neyðarhjálp vegna náttúruhamfara og ekki síður við uppbyggingu á hamfarasvæðum.

## Mannúðarverkefni:

Fyrir tilstilli átaksins mun LCIF geta þróað aðferðir til að geta betur þjónað þeim sem minna mega sín á enn fjölbreyttara sviði en nú er gert.

## Baráttu gegn sykursýki:

Að draga úr sykursýki með forvörnum og bæta lífsgæði þeirra sem greinst hafa með sykursýki.

## Krabbamein barna og ungmenna:

Með því að styðja við bættu velferðarþjónustu fyrir börn sem greinst hafa með krabbamein og fjölskyldur þeirra og stuðla að auknum rannsóknum á krabbameini barna og ungmenna.

## Baráttu gegn hungri:

Stuðla að því að ekkert barn þurfi að fara svangt að sofa og styðja við baráttu gegn matarsóun.

## Umhverfisvernd:

Stuðla að bættri umgengni um náttúruna og bættu aðgengi að hreinu vatni með því að koma upp brunnum á þeim svæðum þar sem þörfin er mest.

## Ákall til stuðnings:

Heimurinn þarf á okkur að halda. Við eru félagar í stærstu líknarsamtökum heimsins og höfum sýnt það í gegnum árin að við getum lyft Grettistaki þegar við leggjum okkur fram.

LCIF kallar eftir því að Lionsfélagar láti ekki sitt eftir liggja þegar kemur að framlögum til sjóðsins.

Á heimasíðunni [www.lions.is](http://www.lions.is) er hlekkur á íslenskar upplýsingar um Campaign 100.

*Þýðing: Kristinn Hammesson*



**Björgum börnum frá mislingum**

## Heil og sæl kærur vinir í Lions

„Jólin eru hér, jólin eru hér,  
jólin eru æ í hjarta mér“  
(Bragi Valdimar Skúlason)

Við stýrur sendum ykkur og fjölskyldum ykkar hugheilar jóla- og nýárskveðjur með kærum þökkum fyrir liðið ár.

Við þökkum fyrir enn eitt farsælt Lionsár þar sem þið, kærur félagar um land allt, hafið unnið stórvirki í því að styðja og styrkja við menn og málefni með ykkar ómældu vinnu- og fjárframlögum. Með vináttu leggið þið lið og án ykkar væri samfélagið snauðara.

Því jólin eru tími til að þakka  
og taka ofan fyrir þeim sem ber.  
Á meðan ég hef matarögn að smakka  
og meðan ég fæ risavaxinn pakka  
þá mega jólin koma fyrir mér.  
(Bragi Valdimar Skúlason)



Ykkar framlag er „risavaxinn pakki“, geymið hann í ykkar hjarta. Hafið það sem allra best um hátíðarnar.

Jólaþakki,  
Björg Bára og Sigurjón  
Geirþrúður og Haraldur  
Sigfríð og Þorkell



## Umhverfiskorn – Ný umhverfisverkefni

Á gæta Lionsfólk Umhverfisteymi Lions MD 109 leggur til að Lionsshreyfingin taki á næstu árum virkan þátt í fyrirhuguðu stóratáki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar við plöntun nytjaskóga.

Í september sl. kynnti ríkisstjórnin viðamikla aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, þar sem markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu – þannig að Ísland geti staðið við markmið sín í loftslagsmálum. Alls verður varið 6.8 milljörðum á næstu 5 árum til sérstakra verkefna og er þetta stórfelld aukning á fjárveitingum frá því sem verið hefur. Alls munu renna um 4 milljarðar til landgræðslu og nýskógræktar, en fyrirhugað er að stórauka gróðursetningu trjáplantna til að auka kolefnisbindingu og áhersla verður lögð á að fela félagsamtökum hlutverk í þessum verkefnum, auk bænda og annarra vörslumanna lands.

Haft hefur verið samband við forsvarsmenn Skógræktarinnar á Suðurlandi og þar hafa þegar verið skipulögð nokkur verkefni, svo

sem Hekluslógar og Þorláksslógar við Þorlákshöfn.

Fyrirhugað er að hefja útplöntun í Hekluslógam um miðjan maí 2019 og það væri ákjósanlegt fyrir Lionsklúbba á Suðvestur horninu að taka þátt í þessu verðuga verkefni.

Verkefnisstjórar frá Skógræktinni munu aðstoða klúbba við gróðursetningu og greiddar verða ca. 30 kr. fyrir gróðursetningu á hverri plöntu með áburðargjöf. Reikna má með að hver aðili geti plantað um 60 – 80 plöntum á klst. Ef unnið er í 4 – 5 klst. og ef 30 manns mæta frá hverjum klúbba þá gætu þetta orðið um 300.000 kr.

Margir Lionsklúbbar hafa á undanförunum árum komið sér upp skógarreitum og er klúbbum bent á að kanna þann möguleika að fá fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög til að greiða klúbbum fyrir að gróðursetja tré í anda kolefnisjöfnunar og þannig unnið að bættum loftslags málum.

Æskilegt er að Lionsklúbbar verði í samstarfi við Skógræktarfélagin á sínu svæði um útvegum á plöntum og einnig að bjóða

fram krafta sína til að taka þátt í sérstökum gróðursetningarverkefnum. Afrakstur þessara verkefna mætti nota til fjáröflunar fyrir verkefna – og félagssjóði.

Lionsfólk er því hvatt til að taka þátt í þessum verkefnum og ef um skipulögð verkefni er að ræða, að gæta þess að vera vel merkt Lions, t.d. að vera í gulum vestum með Lionsmerkinu – þar sem það er til – eða með öðrum hætti.

Fyrir hönd umhverfisteymisins, en í því eiga sæti auk undirritaðs, umhverfisfulltrúarnir Helgi Guðmundsson í Lionsklúbbum Geysi fyrir 109A og Jón Heiðar Daðason í Lionsklúbbum Hæng fyrir 109B.

Með kveðju

Halldór Runólfsson Umhverfisstjóri Lions  
109 MD

Lionsklúbbum Fjörgyn



# Á ferð um stærsta ríki veraldar á HM í fótbolta



David Þór Sveinsson og Baldvin Nielsen (greinahöfundur) í Zaryadye-garðinum.




Baldvin við Rauða Torgið og úlfurinn ZABIVAKA lukkuðýr HM.




Nína María fyrir leik Íslands og Argentínu í Zaryadye-garðinum í Moskvu.



Nína María við stóran adidasbolta í miðborg Moskvu.



Liliya, Nína María og Albína í Kósakkaþorpinu Starocherkasskaya 35 km frá Rostovborg.



Basil kirkjan á Rauða Torginu í Moskvu.

Ég og dóttir mín Nína María fórum á heimsmeistaramótið í fótbolta í Rússlandi í sumar. Þann 15. júní síðastliðinn flugum við til Helsinki sem er höfuðborg Finnlands á leið okkar til Moskvu. Haukur Hauksson fararstjóri Bjarmalands tók á móti hópnum á Sheremetyevo flugvelli í Rússlandi. Eftir að við komum af flugvelli fórum við á Universitetskaja hótelið. Hótelið var stutt frá aðal skemmtisvæðinu á HM, svokallað „Fan Zone“. Svæðið er á Spörfuglahæð sem er örstutt frá „Luzhniki“ sem er aðalleikvangur HM.

Stuðningshátíð var haldin fyrir leik Íslands og Argentínu í Zaryadye-garðinum sem er staðsettur rétt við Rauða torgið og borgarvirkið Kreml. Bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónsson tróðu upp. Tólfan sá svo um að allir næðu að klappa í takt. Það voru svo 5000 manns gengu á Spartak-leikvanginn til að fylgjast með spennandi leik Íslands og Argentínu. Það var geggjað að fá að upplifa þennan leik sem endaði 1-1 og þeirri stórkostlegu stund þegar Hannes varði víti frá Messi!

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní var mikil gleði í hjarta okkar Íslendinga. Við urðum heimsfræg

á einum leik eftir úrslit gærdagsins. Fólk víða að það í gríð og erg um að fá að mynda sig með okkur Íslendingunum. Eftir þjóðhátíðardaginn fórum við vítt og breitt um Moskvuborg að skoða. Við skoðuðum Kreml, þaðan sem stærsta ríki jarðarinnar er stjórnað. Við fórum að graphýsi Leníns og skoðuðum það utan frá. Við gengum að Alexandrovsky-garði við Kremlamúra þar sem gröf „Óþekktu hermansins“ er. Þar hefur heiðursvörður vaktaskipti á klukkustundarfresti. Metro hraðlestirnar nýttust okkur vel á ferðum okkar um borgina. Þá var tíminn nýttur til að versla. Til þess fórum við í hina sögufrægu GUM verslunarmiðstöð. Ekki var hægt að sleppa Rauða torginu og að sjálfsgöngu komum við hjá McDonald's en sá stærsti sem til er í heiminum er við Púshkíntorg í Moskvu.

Þann 21. júní lögðum við af stað með lest frá Kúrský brautarstöðinni í Moskvu. Fyrir höndum var sólarhringsferð til Volgograd. Þegar komið var til þessarar sögufrægu borgar sem hét áður Stalíngrad fórum við í skoðunarferð. Fyrsta stopp var hið gríðarmikla minnismarki Mamajev Kurgan um Stalín-

gradorrustuna skoðað. Þann 22. júní er dagur sorgar og minningar um þær 27 milljónir manna sem Sovétmenn misstu í síðari heimstyrjöldinni.

Um kvöldið var leikur Íslands við stórveldi Afrískrar knattspyrnu. Leiknum lauk með sigri Nígeríu 2-0. Daginn eftir leikinn í Volgograd var dagur hvíldar. Við sleiktum sólina áður en haldið var til Rostov-á-Don sem er höfuðstaður Suður – Rússlands. Hitinn í allri ferðinni var frá 28 til 38 gráður.

Þann 25. júní kom móðursystir Nínu Maríu, Albína og dóttir hennar Liliya, sem skírð var í höfuð á mömmu Nínu Maríu en hennar ástkæra móðir dó fyrir fjórum árum. Þær heimsóttu okkur á hótelið í Rostov-á-Don eftir 10 tíma rútuför frá Svartahafi. Það voru miklir fagnaðarfundir þegar frænkurnar hittumst eftir sjö ára bið.

Undir leiðsögn Hauks fararstjóra og Írenu fórum við til Starocherkasskaya. Það er kósakkaþorp á eyju í staðsettri í miðri á. Þessi staður er í um 35 km frá Rostov-á-Don sem er á minjaskrá UNESCO.

Tuttugasti og sjötti dagur júnímánaðar rann

upp. Frænkurnar áttu notalega stund saman við ána fengu sér að borða og kíktu í verslanir. Fóru þær á HM „Fan Zone“. Ég tók fram fótbotaskóna úr hillunni á meðan og spilaði vináttuleik á Arsenal fótbotavellinum í borginni. Liðin voru þannig að HM-farar spiluðu gegn Rostov heimamönnum sem sigruðu 4-3 eftir hörkuleik sem náði að fanga athygli rússneskra blaðamanna.

Mikilvægasti leikur íslenskar fótbotasögu Ísland-Króatía var handan við hornið. Mæðgunar Albína og Liliya lögðu af stað heim á leið og við Nína María fórum full spennu á Rostov leikvanginn. Leikurinn við Króata var mjög

skemmtilegur og spennandi en heppin var ekki okkar megin. Króatar unnu að lokum og staða í leikslok var 2-1. Króatar voru frábærir á mótinu. Þeir lönduðu silfri eftir magnaðan úrslitaleik þann 15. Júlí og lutu lægra haldi fyrir sem Frakklandi vann 4-2 á Luzhniki aðalleikvangnum í Moskvu í Rússlandi.

Komið var að lokum á þessu mikla HM ævintýri í stærsta ríki veraldar.

Fyrir lá beint flug frá Domodedovo flugvellinum í Moskvu til Keflavíkur á 14 ára afmælisdeginum Nínu Maríu 30. júní 2018.

Premur dögum eftir heimkomuna frá HM í Rússlandi eða 3. júlí var Guðrún Björt Yngva-

dóttir fyrsti Íslendingurinn og konan sett í embætti alþjóðaforseta Lionsshreyfingarinnar eftir kjör á 101. alþjóðþingi hennar í Las Vegas Nevada í Bandaríkjunum. Einkunnarorð Guðrúnar eru „Við leggjum lið“ geri ég að lokaorðum í nú í Jóláaðventunni á HM og Lions árinu þar sem Ísland skoraði hátt svo eftir var tekið á byggðu bóli

Gleðileg Jól!

*Baldvin Nielsen, Hveragerði*



## Lionsklúbburinn Víðarr



Lionsmenn gera oft fleira en hittast á fundum. Félagar í Víðarri eru einnig með golfklúbb innan hópsins sem hittist reglulega yfir sumartímam og heldur golfmót fyrir sig og einnig opið mót þar sem félagar bjóða vinum eða fjölskyldu að taka þátt. Í golfklúbbi Víðarrs erum um 12 félagar.

Einnig höfum við í golfklúbbi Víðarrs golfað í ferðum okkar erlendis við þau tækifæri er gefast og skemmst að minnast þess að í 35 ár afmælisferð okkar til Gdansk í Póllandi í vor spiluðu nokkrir félagar þar í nokkra daga eftir að formlegri Lionsferð var lokið.

Við teljum þessa golfiðkun vera „virðisauka“ fyrir klúbbinn okkar og þjappa mönnum enn betur saman fyrir utan að halda reglulegu sambandi utan hefðbundins fundartíma yfir veturinn.

En golfíþróttin er ekki það eina sem sameinað getur féлага. Við í Víðarri höfum gegnum árin haldið úti bridge klúbbi og gönguklúbbi og meira að segja matarklúbbi þó þessir séu ekki allir starfræktir enn. Þetta sýnir okkur að margt er hægt að gera utan fundartíma til þess að hafa gaman saman og gleðja andann.

Í október síðastliðnum fóru nokkrir félagar í golfklúbbnum til Costa del Sol og léku golf við bestu aðstæður og áttu frábæran tíma saman.

Að öðru leiti er klúbburinn okkar nokkuð sterkur að mínu mati. Mæting á fundi er yfirleitt góð, menn léttir í lundu, ræðnir og jákvæðir. Við erum í þann veginn að reyna að fjölga í klúbbnum og erum með kynningarfund fyrir væntanlega féлага 21. nóvember þar sem „gamaldags kótilettur í raspi“ verða á boðstólnum. Það er von okkar og vilji að fá inn fleiri og e.t.v. yngri menn til liðs við okkur.

Með hvatningu til allra klúbbfélaga um land allt bið fyrir kveðju til ykkar og fjölskyldna um gleðileg og ánægjuleg jól,

*Kristinn Guðjónsson  
Varaformaður Víðarrs*



## Orkester Norden - ferðalag

Sælir kærir meðlimir Lionshreyfingarinnar. Við heitum Þórhildur, Sverrir, Birkir og Herdís og skrifum hér um ferðalag okkar með Orkester Norden í ágúst síðastliðnum.

Orkester Norden er norræn sinfóníuhljóm- sveit fyrir ungmenni á aldrinum 15-25 ára. Haldið er árlegt námskeið á hverju sumri og skiptist það annars vegar í æfingaferli og hins vegar tónleikaferðalag. Síðastliðin fjögur ár hefur námskeiðið verið haldið í Danmörku, nánar tiltekið Álaborg. Í ár tókum við þátt í seinasta starfsári ON í Danmörku þar sem hljómsveitarnámskeiðið verður með heimastöðvar í Finnlandi næstu 5 árin.

Orkester Norden 2018 hófst með flugi frá Reykjavík til Kaupmannahafnar og þaðan með flugi til Álaborgar. Fyrsta daginn, föstudaginn 10. ágúst voru raddæfingar haldnar og við Íslendingarnir, Birkir, Sverrir, Þórhildur og Herdís, héldum til raddæfinga með tilheyrandi hljóðfærufjölskyldum. Einnig var góður vinur okkar með í för, Joseph Ognibene hornleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennari við Menntaskóla í tónlist. Næstu daga héldu raddæfingar áfram og við gístum á hóteli í grennd við tónlistarhúsið þar sem við æfðum, Musikkens Hus. Fyrsta hljómsveitaræfingin var á mánudegi, þar sem Olof Bomann stjórnandi var mættur. Tónverkin sem voru á efnisskránni voru Paradísarfuglar eftir Taroddi, Píanókonsert númer 23 í A-dúr eftir W.A. Mozart og Sinfónía nr. 3 í Es-dúr eftir L. Beethoven. Hljómsveitin taldi 38 manns sem er heldur smátt fyrir sinfóníuhljómsveit, hálfgerð „kammersveit“. Á miðvikudeginum mætti einleikari á fyrstu æfingu en það var enginn annar en Víkingur Heiðar Ólafsson. Óhætt er að segja að hann hafi hrifið alla í hljómsveitinni, bæði með tónlinstarhæfileikum og persónu. Hann og Olof áttu afar vinaleg samskipti og unnu saman að heildarmynd. Þrátt fyrir að mikill tími hafi farið í æfingar gafst tími til þess að læra að dansa danska þjóðdansa auk þess að spila körfubolta og sitja að sumbli á bæjarkránni Hjerte Dame með kollegum okkar úr hljómsveitinni.

Á föstudagskvöldi voru fyrstu tónleikar í tónleikaferðinni en þeir voru í Musikkens Hus og gengu vel. Eftir tónleikanna var haldinn fögnuður, og að sjálfsgöðu var skálað fyrir góðu gengi. Daginn eftir var förin heitið til Kaupmannahafnar með rútu. Daginn eftir voru tónleikar í DR Konserthuset sem er afar fallegur tónleikasalur. Þeir tónleikar fóru vel og voru teknir upp af danska ríkisútvarpinu. Daginn eftir þá tónleika voru tvennir skólatónleikar haldnir í Konserthuset fyrir



fullum sal af grunnskólabörnum, 2800 manns í heildina. Á efnisskrá var Pétur og Úlfurinn eftir S. Prokofiev. Að spila fyrir svo marga áhugasama og spennu áhorfendur er tilfinning sem ekki gleymist. Krakkarnir fögnuðu svo mikið að okkur leið eins og rokkstjörnum. Daginn eftir var farið á seinasta áfangastað tónleikaferðalagsins, til Reykjavíkur. Það voru forréttindi að fá að kynna land okkar og þjóð fyrir kollegum okkar úr Orkester Norden. Allir voru mjög ánægðir með Ísland, og við einstaklega heppin með gott veðurfar. Við fórum með mestalla hljómsveitina í Sundhöll Reykjavíkur, enda sundlaugar einstakur partur af íslensku hversdagslífi og skoðuðum svo Hallgrímskirkju. Við skiptum svo liði daginn eftir og fórum með hljómsveitina í stóran hring um Reykjavík, sem allir voru hæstánægðir með og skapaði góða stemmningu fyrir tónleikana um kvöldið. Tónleikar voru haldnir á miðvikudagskvöldi í Norðurljósasal Hörpu og voru hljómsveitarmeðlimir flestir sammála um það að það hafi verið best heppnuðu tónleikar ferðalagsins. Einstök stemmning skapaðist í hljómsveitinni, mætti mögulega segja að hún hafi verið rafmögnuð. Vegna plássleysis á sviði var 3. sinfónía Beethovens flutt standandi af öllum nema knéfiðluleikurum og pákuleikara. Það var skemmtileg tilbreyting fyrir fólk sem er vant að sitja við sinfóníuleik.

Vert er að minnast á það að Jónas Sen skrifaði dóm um tónleikanna fyrir Fréttablaðið, einnig er hægt að lesa dóminn á vef Jónasar, en hann ber titilinn „Tónlist sem lætur mann vilja vera góðan“, og niðurstaða hans er „Hljómsveitin spilaði oftast ágætlega og einleikurinn var í fremstu röð. 4 stjörnur af 5.“, sem má teljast býsna gott.

Tónleikahaldi var þó ekki lokið enn því að hópur hljóðfærleikara úr Orkester Norden tók þátt í afmælishátíð Norræna hússins nokkrum dögum eftir aðaltónleikana og lék meðal annars fyrir alla núlifandi forseta Íslands.

Þrátt fyrir að margir af okkar vinum hafi sagt okkur hversu gaman væri að taka þátt í Orkester Norden kom það á óvart hversu skemmtilegt var í raun. Allir kollegar okkar voru mjög opnir og við kynntumst öll fullt af áhugaverðu fólki. Nú getum við öll ferðast um Skandnavíu endilanga og gíst á sófum vina okkar úr Orkester Norden. Öll umgjörð var til fyrirmyndar og var vel hugsað um alla. Við erum Lionshreyfingunni sérstaklega þakklát fyrir að styrkja okkur í ferðalögum okkar.



## Lionsklúbburinn Eden Hveragerði




Lkl Eden hélt í annað sinn Hrekkjavökuball þann 31. október í Lífróttahúsinu í Hveragerði. Vakti þetta mikla lukku hjá unga fólkinu ásamt foreldrum :) margir þeirra komu líka uppáklædd. Biðröð myndaðist fyrir utan og allur pakkinn. Helmingi meira safnaðist núna enda var stofnkostnaður töluverður síðasta ár. Við erum mjög bjartsýnar á að þetta verði árlegur viðburður hjá okkur:) Í fyrra gáfum við peningagjöf til leikskólans Undralands sem opnaði í nýjum húsakynnum. Núna eigum við eftir að finna peningunum stað og tel ég að það verði ekki vandamál. Við höfum haft svolítinn forgang á yngri kynslóð í okkar styrkjum hvort sem það er meðvitað eða ekki?

Við settum upp pokastöð í samvinnu við Hveragerðisbæ í Bónus. Er það okkar framlag til minnkunar á notkun plasts í þessum heimi og vel tekið í þetta verkefni.

Fram undan hjá okkar hressa klúbbi er undirbúningur fyrir flatkökubakstur þar sem Almar bakari skaffar hráefni og stað og við vinnum verkið og afhendum mæðrastyrksnefnd fyrir þeirra úthlutun, þetta höfum við gert í 8 ár. Svo er það Jólaballið (aftur ball?) 26 des. þar sem við erum í samvinnu við Lkl Hveragerðis. Allavega líf og fjör hér sunnan heiða :)

*Kveðja Ólöf Ingibergsdóttir  
Formaður lkl Eden*



## Unglingaskipti Lions – Japansferð



Þökk sé Lions fékk ég í sumar tækifæri til að dveljast í þrjár vikur í Japan hjá þrem æðislegum fjölskyldum rétt suður af Nagoya, auk þess að taka þátt í alþjóðlegum ungmenna búðum.

Ég lenti á flugvellinum í Nagoya rétt fyrir sex að kvöldi 12. júlí eftir alltof langt flug og níu stunda tímamismun ofan á það en þar tók á móti mér æðislega fyrsta fjölskyldan mín, Inoue fjölskyldan. Þegar heim var komið borðuðum við svo saman mjög gott heimager sushi og ég bauð þeim uppá íslenskan harðfisk og Djúpan. Þar bjuggu þau hjónin Wataru og Makiko ásamt þremur af dætrum þeirra fimm, Yuzuku, Neneku og Rönku. Þau, líkt og allir aðrir sem ég kynntist í ferðinni voru ótrúlega góð við mig og vildu allt fyrir mig gera.

Eitt það fyrsta sem ég gerði var að fara með mömmu að fylgjast með hafnarbolta-æfingu hjá Yuzuku. Ég skildi ekki alveg af hverju hún lét mig fá sólhlíf, blævæng og ískald vatn fyrr en við mættum á svæðið. Æfingin var úti í glampanði sólar, 38 stiga hita en krakkarnir létu það ekki hafa nein áhrif á sig og æfðu á fullu. Ég fór líka með þeim á þann fyrsta af þrem Lions fundum og borðaði þar margréttaðan skritinn mat. Þar á meðal var allskonar nýstárlegur skelfiskur, heilgrillaður fiskur og nautaþynnur með grænmeti sem var eldað fyrir framan mig með sojasósu og ég dýfði svo ofan í hrátt egg. Þessu var ég fyrst ekki alveg að treysta en það reyndist mjög gott.

Ég var næstu níu daga í ungmennabúðum ásamt 36 krökkum frá 24 löndum, þar

gerðum við ýmsa skemmtilega hluti, meðal annars fórum við í vatnagarð, bjuggum til Japanskan pappír, heimsóttum menntaskóla og prufuðum þar bogfimi, við fórum í hugleiðslu og skoðuðum risastórt hof sem var hluti af garði, fullum af dádýrum sem hneigðu sig fyrir manni. Allt var þetta ótrúlega skemmtilegt en best var þó að kynnast öllum þessum krökkum og heyra hvernig líf þeirra var á sama tíma svo svipað og svo allt öðruvísi en líf mitt.

Eftir búðirnar fór ég til hans Toshio Ueki, hann bjó einn og talaði varla fleiri en 10 orð í ensku, þetta var því vægast sagt skrautleg samvera en samt svo skemmtileg. Hann rak nokkrar litlar verslanir í bænum og konan hans bjó annarsstaðar ásamt milljón og fimmtíu Disney böngsum. Við fórum saman á cosplay skruðgöngu og svo fór ég ásamt blaðamanni að máta Samurai klæði eftir að hafa tekið stutt stopp hjá bæjarstjóranum.

Síðustu vikunni varði ég hjá Onouchi fjölskyldunni. Þegar þau heyrðu af því að ég hefði ekki komið til Tókýó gerðu þau sér lítið fyrir og við skelltum okkur fjögur með háhraðalest til þessarar 10 milljón manna borgar. Þar fórum við meðal annars uppí Tokyo Skytree sem er 634 metrar á hæð og næst hæsta bygging heims. Þar eins og svo oft áður í ferðinni þótti mér oft of heitt og því var fátt annað í stöðunni en að fá sér ljúffengan Matcha ís sem já, er grænn á litinn. Allar fjölskyldurnar og einn Lionsklúbbur kynntu mig fyrir baðmenningu Japana og fór ég því ítrekað í svokallað Onsen. Ég hef einungis nefnt brotabrot af

því sem ég upplifði í ferðinni en alla daga var stanslaus dagskrá og engin tími til að slappa af.


Nú var komið að því að fljúga heim og þá komu bæði fyrsta og síðasta fjölskyldan með á flugvöllinn ásamt meðlimum úr öllum þrem Lions klúbbunum bara til þess að kveðja mig. Toshio baðst svo innilegar afsökunar á því að hafa ekki getað komist. Fyrir þau ykkar sem þykir þetta ekki nógu skrýtið og æðislegt er rétt að nefna að þetta var klukkan hálf sjö að morgni til og var um klukkutíma akstur á flugvöllinn. Japanir eru yndislegt fólk.

*Friðrik Valur Elíasson*

*18 ára Menntskælingur frá Akureyri*







# Lionsklúbburinn Embla

Þá er árið 2018 senn á enda og ýmislegt verið gert það sem af er þessu starfsári bæði í leik og starfi. Sendi nokkrar myndir frá árinu um leið og við óskum öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með hvatningu til okkar allra að taka höndum saman við að efla lionsstarfið á Íslandi ekki veitir af. Þurfum að fá til okkar ungt og kraftmikið fólk, áfram nú lionsfélagar.

Góðar jóla- og áramótakveðjur frá Lionsklúbbnum Embla.

*Guðrún Guðnadóttir, blaðafulltrúi*



*Póranna Ingólfsdóttir gerð að Melvín Jones félagi, með henni er fráfarandi stórn, Guðrún, Sigríður og Fjóla.*



*Rabbarbara skurður á Löngmýri, Brynhildur, Ingibjörg, Unnur og Fjóla.*



*Emblu útilega 2018, Dagrún, Kristín, Hjördís og Kristín.*



*Emblu konur að undirbúa diskótek, Hjördís, Hafþís og Ingibjörg.*



*Fallegir bræður sem alltaf koma á Emblu diskótek og í bakgrunni sést Jón Bjarnason, diskótekarinn okkar til margra ára.*



*Veisluhlaðborð eftir dans á diskóteki.*



*Konukvöld, Dagrún formaður setur hátíðina.*



*Tískusýng á konukvöld frá versluninni Lindinni, Emblukonur sýndu og lengst til hægri er Kristín eigandi Lindarinnar.*




*Allt tilbúið fyrir blóðsykursmælingu og jólakortasölu í nóv. 2018.*



*Emblu jólakortið 2018, mynd eftir okkar góða lionsmann Jón I. Sigurmundsson.*



*Jóhanna Thorsteinsson, vara umdæmisskj. 109 A, kom á fund til okkar í nóv. sl.*



*Kristófer Tómasson, svæðisskj. 109 A, kom einnig á fundinn.*

Munum alþjóðarhjálparsjóðinn LCIF

# Lionsklúbburinn Engey



Svavar Knútur með gítarinn



Nærri uppselt á kökubasar Engeyjarkvænna



Blóðsykurmæling í Mjóðinni



Stjórn Engeyjar afhendir Þór Steinarsyni svæðisstjóra afrakstur gleraugnasöfnunar



Í fangelsisgarðinum við Skólavörðustíg



Gengið um Powercourt garðana

Ferðagleði hefur í gegnum árin einkennt félagsstarf Lionsklúbbsins Engeyjar. Margar erlendar heimsborgir hafa verið heimsóttar og jafnframt farið í ánægjulegar ferðir innanlands. Í ár var komið að Dublin sem við heimsóttum í maí síðastliðnum. Ferðin tókst með miklum ágætum. Við fórum í skoðunarferðir og könnuðum borgarlífið, borðuðum kvöldverð í afhelgðri Mariúkirkju frá 18. öld og fórum á keltneskt skemmtikvöld. Þá var farið í dagsferð út fyrir borgina og heimsóttum við m.a. fallettu Powercourt garðana og skoðuðum klausturrústir í Glendalough þjóðgarði þeirra Íra. Nokkrum dögum eftir heimkomuna frá Dublin var aftur haldið af stað og nú austur fyrir fjall til að ljúka starfsárinu. Vár lokafundur starfsársins 2017 – 2018 síðan haldinn í Veitingahúsinu að Friðheimum í Reykholti og fóru þar fram stjórnarskipti. Að fundinum loknum var boðið upp á tómatsúpu og brauð og jafnframt tómatsbjór fyrir þær sem það vildu. Síðan var ferðinni haldið áfram og endað í kvöldverði á veitingastaðnum Hundur í Höfn í Þorlákshöfn.

Í haust hófst nýtt starfsár með áhugaverðri og fróðlegri heimsókn í Hegningarghúsið við Skólavörðustíg. Þar tóku á móti okkur Páll Winkel fangelsismálastjóri og Guðmundur Gíslason forstöðumaður. Við fengum hjá þeim leiðsögn um húsið og góða fræðslu um starfsemi Fangelsismálastofnunar og hina stórmerku sögu Hegningarghússins. Húsið hefur

nú lokið upphaflegu hlutverki sínu en vonandi verður því ætlað verðugt hlutverk í framtíðinni.

Að venju eru haldnir mánaðarlegir klúbbfundir en fundarstaður okkar í vetur er ágætur salur tilheyrandi Kringlukránni. Undantekning gildir þó um jólafundinn sem verður að venju haldinn á heimili klúbbfélaga. Fundir eru almennt vel sóttir og á fundi okkar í haust höfum við fengið góða gesti. Gestir októberfundar voru mæðgurnar Júlía Margrét Einarasdóttir rithöfundur og Hildur Baldursdóttir bókasafnsfræðingur. Kynnti Júlía Margrét og las upp úr nýútkominni bók sinni sem nefnist „Drottningin á Júpíter“. Góður rómur var gerður að upplestrinum og lýstu Engeyjarkonur yfir ánægju með heimsókn þeirra mæðgna. Á nóvemberfundinn, sem ákveðið hafði verið að yrði gestafundur, heimsótti okkur trúbadorinn Svavar Knútur. Hann mætti með hljóðfærin sín, gítar og ukulele, og heillaði okkur með söng sínum og spjalli. Fyrir utan mánaðarlega fundi er gert ráð fyrir annarri samveru félaga. Áður hefur verið nefnd heimsóknin í Hegningarghúsið við Skólavörðustíg. Þá var í haust farið í Gljúfrastein hús skáldsins og skoðuð sýningin „Frjáls í mínu lífi“ um líf og listir Auðar Laxness.

Þátttaka í verkefnum klúbbsins er almennt góð og vel að verki staðið. Engeyjarkonur tóku þátt í leikskólaverkefningu og dreifðu pökkum og fóru í sex leikskóla. Þar var þeim var vel

tekið og gjarnan þakkað með söng barnanna. Þá var safnað miklu magni af gleraugum sem afhent hefur verið svæðisstjóra. Fimmtudaginn 15. nóvember gekkst klúbburinn svo fyrir blóðsykurmælingu í göngugötunni í Mjódd. Að venju önnuðust mælinguna hjúkrunarfræðingar sem eru félagar í klúbbnum. Á sama tíma var þar basar til stuðnings Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna. Á basarum voru til sölu heimabakaðar kökur og brauð úr eldhúsum Engeyjarkvænna. Allgóð aðsókn var að basarum og ánægja með afrakstur hans.

Prjónahittingur er orðinn fastur liður í starfi klúbbsins. Flesta mánudaga er hittst í Lionsheimilinu og prjónað og heklað. Komið hefur í ljós að víða er þörf. Í haust höfum við einkum prjónað fatnað fyrir leikskólabörn s.s. peysur, húfur, leista og vettlinga. Sá fatnaður sem þegar er tilbúinn verður afhentur Hjálparstofnun kirkjunnar fyrir jólin. Markmiðið með prjónaverkefningu eins og öðrum Lionsverkefnum er að leggja lið en jafnframt höfum við gaman saman og eflum félagsandann.

Árlegur jólafundur Engeyjar verður haldinn 8. desember en síðan verður hlé á starfsemi. Við erum stoltar af starfinu okkar í klúbbnum. Á nýju ári verður aftur mætt til leiks og nýrja verkefna.

*F.h. Lionsklúbbsins Engeyjar  
Guðný Björnsdóttir.*

# Lionsklúbbur Skagafjarðar

## Bauð eldri borgurum til kvöldverðar og skemmtidagskrár

Lionsklúbbur Skagafjarðar hefur að öllu jöfnu Laðsetur á Löngumýri í Skagafirði, sem er fræðslusetur kirkjunnar, fyrir fundahöld og viðburði á sínum vegum. Í fyrra tóku þeir uppá þeirri nýbreytni að bjóða eldri borgurum á starfssvæðinu, sem er framhluti Skagafjarðar og Skaginn, til kvöldverðar með skemmtidagskrá í staðinn fyrir ferðalag sem tíðkast hafði. Á Facebooksíðu Löngumýrar segir að það hafi mælst svo vel fyrir að leikurinn hafi verið endurtekinn fyrir skömmu.

Fljótlega eftir hádegi fóru félagarnir að tínast að og tóku til hendinni við undirbúninginn, ásamt starfsfólki Löngumýrar, sem fólst m.a. í því að berja kjöt, brjóta servíettur og allt þar á milli. Það eru enda töluvert mörg handtök sem þarf til að leggja á borð fyrir rúmlega hundrað manns og elda lærisneiðar undir fullum seglum með rjómatertu á eftir. Þeir slógu heldur ekki slöku við og sáu auk þess um skemmtidagskrána ásamt Geirmundi sem þandi nikkuna til undirleiks. Svona samkona þegar vetur-

inn gæti minnt á sig hvenær sem er gefur lífinu lit og sást það vel á góðri mætingu og þakklæti á hverju andliti. Klúbbfélagarnir eiga heiður skilinn fyrir sína miklu samfélagsvitund og lipurð sem einkennir allt þeirra starf og viðmót, segir á síðunni en þar er hægt að nálgast fjölda mynda frá kvöldinu góða.

*Myndir tók Gunnar Rögnvaldsson /PF*



# Lionsklúbburinn Týr



Hressing í göngulok.



Þjóðdanssýning.



Hinnaför Maríu.



Markúsarkirkjan.



Á „píanóbarnum“.

Lionsklúbburinn Týr fagnaði 45 ára afmæli sl. vor. Klúbburinn var stofnaður 28. mars 1973. Ákveðið var að efna til skemmtiferðar með eiginkonum af því tilefni og halda afmælisfundinn erlendis. Það hefur reyndar verið gert á stórafmælum áður og tekist vel. Að þessu sinni var stefnt til Króatíu í maímánuði, og gist í Zagreb. Gisting reyndist misgóð og spurðist að sumir hefðu búið um sig á teppum á gólfi vegna lélagra rúma! Hinsvegar fundu klúbbfélagar ágætasta útiveitingastað á næsta torgi, sem gerður var að mætinga- og samverustað ferðalanga og kallaður píanóbarinn. Veður var gott, þrátt fyrir hrakspár, og farið í skipulagðar skoðunarferðir annan daginn, skoðaðar kirkjur og kirkjugarðar en endað á björglasi á lífligu markaðstorgi í námunda við fyrrum „rauða hverfi“ borgarinnar. borgarinnar.

Um kvöldið var svo haldin hátíðadagskrá á restaurant Boban, í eigu og nefnt eftir einum fræknasta fótboltakappa Króata. Þriðja daginn

fóru sumir í skoðunarferðir um nágrennið, en aðrir létu sér nægja borgarrölt, enda ýmislegt um að vera þessa helgi, söngur og þjóðdansar og sýningar um allan bæ í tilefni Evrópudagsins.

Allir hittust svo í sameiginlegum kvöldverði á nýlegum stað, sem bauð uppá góðan mat en afleita þjónustu. Skemmtinefndarmenn þurfti t.d. að kenna þjónum að gera „irish coffee“. Heimfarardaginn var enn rölt um bæinn, verslað og góðviðris og veitinga notið í fögrum gördum og torgum, en seinni partinn rættist loks hrakspá veðurfræðinga og ekið var útá flugvöll í aftaka þrumuveðri og ausandi regni. Ferðin þótti þó hin ánægjulegasta og vel heppnuð að mati ferðalanga.

Björn Þorvaldsson, fjölmiðlafulltrúi.



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

# Haustgleði Lionsklúbbsins Úu

Haustgleði Lionsklúbbsins Úu í Mosfellsbæ var haldin með pompi og prakt í Harðarbóli 13. október sl. Venjulega hafa Úurnar haldið konukvöld á haustdögum en nú var ákveðið að breyta til og halda haustgleði þar sem karlar væru einnig velkomnir. Sú nýbreytni mæltist vel fyrir og var góð aðsókn að gleðinni. Veislustjóri var María Guðmundsdóttir sem er Mosfellingum að góðu kunn. Grillvagninn bar á borð afskaplega ljúffengan mat. Ingibjörg Hólm söng við góðar undirtektir veislugesta og Mosfellskórinn söng nokkur vel valin lög eins og honum einum er lagið. Að vanda var happdrætti og fóru margir veislugestir heim með glæsilega vinninga. Kvöldinu lauk svo með dúndurstuði á dansgólfinu. Þess má geta að allur ágóði kvöldsins rennur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Úur þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg að safna sem mestum peningum til þessa góða málefnis.

*Kær kveðja  
Alfa R Jóhannsdóttir*



## Lionsklúbburinn Hrærekur



Í júní sl. fóru 6 klúbbfélagar ásamt eiginkonum í 5 daga vel heppnaða skemmtiferð til Englands. Var að mestu dvalið á Yorkshire svæðinu og söguslóðir norrænna víkinga „frænda okkar“ skoðaðar og rifjuð upp ferð Egils Skallagrímssonar til Jórvíkur þar sem hann orti kvæðið Höfuðlausn .

Klúbbstarfið í haust hófst með afhendingu gagna í Leikskólaverkefninu, áhugavert verkefni sem mætti jafnvel gera meira úr.

Að venju verður sett upp leiðalýsing í Stærri Árskógskirkjugarði og fór síðasti fundur í að yfirfara ljós og leiðslur. Þetta er núna aðalverkefni klúbbsins, en 1980 var fyrsta árið sem krossarnir voru settur upp og ljós tendruð.

*Með Lionskveðju,  
Reynir Gísli Hjaltason*



*Hjördís Jóna deildarstjóri Leikbæjar Jón G. ritari og Pétur formaður.*



*Krossafundur.*



*Lionsfélagar og makar fyrir utan Víkingasafnið.*

## Af starfi Lionsklúbbsins Bjarkar

Starfsárið hófst hjá Lionsklúbbum Björk á Sauðárkróki þann 5. september með fundi á KK restaurant þar sem klúbburinn kemur alla jafna saman til fundar.

Stjórn klúbbsins þetta starfsár er skipuð þeim Brynju Ingimundardóttur, formanni, Agnesi Huldu Agnarsdóttur, ritara og Lilju Guðbjartsdóttur, gjaldkera.

Á fundinum var nýr félagi, Hrefna Þórarinsdóttir, tekinn inn í klúbbinn og eru klúbbfélagar þá 30 talsins.

Sú hugmynd kom upp að hafa sykursýkiátak klúbbsins með breyttu sniði þetta árið og í stað hefðbundinnar blóðsykurmælingar stóðu klúbbarnir tveir á Sauðárkróki fyrir fræðslufundi sem haldinn var þann 5. nóvember í Árskóla. Sunna Björk Björnsdóttir, sérnámslæknir í heimilislækningum og Margrét Aðalsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur héldu fróðleg erindi á fundinum sem var öllum opin og aðgangur ókeypis.

Sú hefð hefur skapast að bjóða félögum okkar úr hinum klúbbunum þremur í Skagafirði, Höfða á Hofsósi og Lionsklúbbum Skagafjarðar og Sauðárkróks, til súpufundar í nóvember. Var hann haldinn þann 14. nóvember og fór í alla staði vel fram með prýðis veitingum og atriðum á léttu nótonum.

*Friða Eyjólfssdóttir, Lkl. Björk.*



*Inntaka nýs félaga. Frá vinstri: Agnes Hulda Agnarsdóttir, ritari, Hrefna Þórarinsdóttir, nýr félagi, Brynja Ingimundardóttir, formaður, Helga Skúladóttir, meðmælandi Hrefnu, Anna S. Friðriksdóttir, síðameistari og Lilja Guðbjartsdóttir, gjaldkeri.*



*Stjórnin á góðri stund á súpukoöldi: Agnes Hulda ritari, Brynja formaður og Lilja gjaldkeri.*



*Gestir gæða sér á veitingum á súpukoöldi.*



*Sunna Björk Björnsdóttir flytur fræðsluerindi um sykursýki 2.*

## Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ afhenda lestrarhvetjandi efni til leikskólanna í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi frá Menntamálastofnun

Veturinn 2017 leitaði Menntamálastofnun til Lestrarátaks Lions á Íslandi varðandi samstarf. Hvort Lionsklúbbar landsins gætu séð um að afhenda leikskólum hver í sínu nærsamfélagi gjafapakka sem innihaldi læsishvetjandi námsefni sem Menntamálastofnun gefur út. Í pakkanum eru námsefni sem býður upp á fjölbreytta vinnu tengda orðaforða og stafa- og hljóðvitund barna, einnig má finna hreyfispil, tónlistarleiki, bókstafi, léttlestrarbækur o.fl. Lions er aðili að þjóðarsáttmála um læsi þar sem lögð er áhersla á að efla læsi 2-16 ára barna. Verkefnið hófst nú í haust 2018 þar sem Lionsklúbbar um land allt hafa unnið að þessu skemmtilega og gefandi verkefni.

18. september síðastliðinn í Listasal Mosfellsbæjar afhentu, Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Úa leikskólastjórum í 8 leikskólum í Mosfellsbæ og 1 leikskóla á Kjalarnesi gjafapakkana, einnig mætti Kolbrún G. Þorsteinsdóttir formaður fræðslunefndar sem þakkaði fyrir hönd leikskólastjóranna.

Í nokkur ár hafa klúbbarnir í Mosfellsbæ gefið öllum börnum í fimmta bekk bókamerki, sem er verkefni Lions á Íslandi til 10 ára. Á síðasta vetri gáfu Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ bækur á skólabókasafn Varmárskóla. Lionsklúbburinn Úa hefur gefið bækur á skólabókasafn



Krikaskóla og fært öllum grunnskólunum í Mosfellsbæ spjaldtölvur. Þetta er liður í lestrarátaki Lionshreyfingarinnar um allan heim sem hófst 2012 og mun standa í 10 ár.

*Lionsklúbbur Mosfellsbæjar,  
Lionsklúbburinn Úa í Mosfellsbæ*

## Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Blóðsykursmæling í Vestmannaeyjum.

Fimmtudaginn 15. nóvember var Lionsklúbbur Vestmannaeyja með ókeypis blóðsykursmælingu í Apótekarinum og gaf apótekið strimlana til mælinganna.

Tveir hjúkrunarfræðingar frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum, þær Auður Ásgeirsdóttir og Fjóla Sif Ríkhardsdóttir sáu um að truckprófa fólk og taka smá blóðdropa til að fá niðurstöðu. Þeim til aðstoðar voru bræðurnir Erlingur Einarsson og Stefán Einarsson, báðir gegn heilir Lionsmenn og stjónuðu við viðskiptavini Apótekarans og bentu þeim að fá ókeypis mælingu. Um allan undirbúning sá Guðfinna Sveinsdóttir hjá Apótekarinum. Þessu öllu fólki færum við bestu þakki fyrir þeirra vinnu. Á bakvaktinni voru þeir Lionsmenn Kári Höskuldsson og Sigmar Georgsson.

Alls mættu 98 manns í mælinguna og er það talsvert færri aðilar en undanfarin ár og síðan var 6 manns vísað til læknis vegna útkomu mælingarinnar.

Nú er lokið vel heppnaðri söfnun á notuðum gleraugum sem stóð yfir í október mánuði og var söfnunarkassi staðsettur í Versluninni Vöruval.

Alls söfnuðust yfir 1200 notuð gleraugu og vill klúbburinn þakka sérlega góð viðbrögð bæjarbúa.

*Lionsklúbbur Vestmannaeyja  
Sigmar Georgsson form.*



## Nýjar raddir, ný nálgun

Nýjar raddir, ný nálgun (NewVoices initiative), fagnar framlagi kvenna til Alþjóða Lionshreyfingarinnar og leggur áherslu á að fjölga konum í Lionsklúbbum og jafnframt brúa bilið á milli karla og kvenna í forystuhlutverkum.

„Nýjar raddir þýðir nýjar hugmyndir“, segir Guðrún Yngvadóttir alþjóðaforseti.

Í ræðu sinni á Alþjóðaþingi Lions 2018 í Las Vegas þar sem hún ávarpaði yfir 1000 þingfulltrúa, sagði Guðrún að upphaflega hefði það ekki verið á dagskrá hjá sér að hvetja konur sérstaklega.

„Reyndar var það svo“, sagði hún, „að í mínum fyrstu formlegu heimsóknum gætti ég þess að minnast hvorki á konur í starfi né forystu“. En mér til undrunar, hvar sem ég kom, var ég spurð hver væri stefna mín í að gera konur í Lionshreyfingunni sýnilegri. Konurnar komu

til mín og sögðust bíða þess sem ég myndi gera. Svo ég hugsaði með mér, „Ef ég geri það ekki, þá hver“? Ég fann að þetta var það sem Lions vildi, svo hér erum við!“

### Af hverju Nýjar raddir?

Á ferðum mínum um heiminn sá ég að störf kvenna, hvort sem var í klúbbunum eða í forystunni, voru mjög á annan veg en karla. Jafnvel víða þar sem konur voru hvorki félagar né leiðtogar gegndu þær mikilvægu hlutverki á bak við tjöldin. Þær skipulögðu fundi og stjórnuðu margvíslegum verkefnum, unnu hávaðalaust en höfðu ekki rödd.

„Við þurfum ekki að leita að konum, þær eru þarna. Allt sem við þurfum að gera er að koma hugmyndum þeirra, hæfileikum og áhuga á framfæri. Þær þurfa nýja rödd. Mér fannst vera tímabært að skapa þeim vettvang

innan hreyfingarinnar svo að við getum í sameiningu leitt hreyfinguna áfram.“

Nýjar raddir hyggjast, í samvinnu við verkefnateymi (GAT), umdæmisstjóra og fjölmúðmisstjóra, vekja athygli á og viðurkenna Lionsfélaga sem hafa unnið að framgangi hreyfingarinnar án þess að raddir þeirra hafi heyrst.

*Þýðing Edda J Briem*

*(Hægt er að fræðast meira um verkefnið á vefsíðunni <https://weserve.org/newvoices>.)*







# Leiðtogaskóli Lions 2019 – Fyrir þig!

**Viltu verða sterkari einstaklingur og leiðtogi?**

**„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“**

*Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum*



## Leiðtogaskóli Lions 2019

**Tími:** 15.-17. febrúar 2019, þriggja daga helgi

**Staður:** Radisson Blu Hótel Saga

**Verð:** Þátttökugjald er 35.000 krónur. Innifalið er kennsla, námsgögn, matur og kaffi auk viðurkenningskirteinis að námi loknu. Innifallinn er hátíðarkvöldverður á laugardeginum fyrir þátttakendur (makar velkomnir á kostnaðarverði).

*Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta þátttökugjalds eða allt.*

**Umsóknarfrestur til 6. febrúar 2019**

Umsóknum svarað ekki seinna en 8. febrúar 2019

**Þátttakendur:** Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. [Námskeiðið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbstjórnunum](#). Námið er mjög mjög þroskandi og eflir þig sem einstakling og starfsmann. Hámarksfjöldi er 30 manns.

**Marmið:** Markmiðið er að þjálfra leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbstarfið.

**Efni:** Kennir er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið í leiðtogaþjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólana (Regional Lions Leadership Institute). Náms efni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar og leiðtogahefðir. Fjölbreytileikinn og skapandi hugsun. Samskiptafærni og virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa ágreining og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Að halda góða fundi. Ræðuflutningur. Bakland Lions.

**Nánari upplýsingar og skráning** á Lionsskrifstofunni, sími 561 3122, netfang [lions@lions.is](mailto:lions@lions.is), eða hjá Halldóri Kristjánssyni GLT stjóra, sími: 520 9000, netfang: [halldor@tv.is](mailto:halldor@tv.is)  
*Umsókn með nafni, kennitölu, netfangi, símanúmeri og klúbbheiti má senda á þessi netföng.*

## Ertu stjórnandi gærdagsins?

**Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?  
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

# Fundir í umdæmum og fjölumdæmi - Rauð fjöður 2019: Sykursýki barna og ungmenna -

Þann 17. nóvember sl. voru haldnir umdæmis- og fjölumdæmisfundir. Við byrjuðum morguninn á umdæmisfundum sitt í hvoru lagi en þar veittu umdæmisstjórar viðurkenningu til 4 kvenna hvor eða svonefnda „New Voices“ Kl. 11:00 komum við öll saman og þá hófst fjölumdæmisfundur. Þar voru ýmis málefni rædd en það sem hæst bar, er að á fundinum var samþykkt að ágóði Rauðu fjaðrar söfnunarinnar, sem haldin verður í apríl 2019, muni renna til baráttu gegn sykursýki barna og ungmenna.

Eftir hádegi var hópavinna þar sem fulltrúar beggja umdæma og fjölumdæmisstjórnar ræddu ýmis málefni og var mikið spjallað, hleg-

ið og vinaböndin styrkt. Eftir að hóparnir höfðu kynnt vinnu sína og að loknum umræðum var fundi slitið kl. 16:00

Góðir fundir og þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi látið öllum illum látum þannig að innanlandsflug skertist, fórum við ánægð heim eftir árangursríkan dag.

Sagt er að myndir segi meira en nokkur orð svo hér fylgja nokkrar frá fundunum.

Lionskveðjur,  
Björg Bára, Geirprúður og Sigfríð



„New Voices“ konurnar ásamt umdæmisstjórum 109 A og B þeim Geirprúði Fanney Bogadóttur og Sigfríði Andradóttur.



Frá vinstri Jón Pálmason GMT fulltrúi í A, Jón Gröndal GMT stjóri, Jóhanna Thorsteinson varaumdæmisstjóri í A-umdæmi, Hrunn Hjaltadóttir sem gegnir ýmsum embættum innan fjölumdæmisins og í B-inu, Arni V. Friðriksson alþjóðasamskiptastjóri og Anna Blöndal GMT konur í lions fyrir B umdæmið.



Fjölumdæmisritarinn okkar hann Guðmundur Helgi Gunnarsson á fullu að rita fundargerð.



Frá vinstri Ingólfur Kristmundsson svæðisstjóri á svæði 4 í A umdæmi, Laufey Jóhannsdóttir Medic Alert stjóri, Kristinn Kristjánsson hjálparsjóðsstjóri og Kristófer Tómasson svæðisstjóri á svæði 4 í A-umdæmi.



Hér sést yfir hluta af salnum á fjölumdæmisfundinum.



3 af 4 konum sem hlutu „New Voices“ í A-umdæminu. Þetta eru þær Kristín Þorfinnsdóttir marketing (markaðssetningu), Hafþís Friðriksdóttir fyrir service (værfefni) og Jóhanna Thorsteinson fyrir leadership (leiðtogann) en á myndina vantar Ólöfu Ingibergsdóttur sem fékk fyrir memberhsip (félagann).



„New Voices“ í B-umdæminu. Þetta eru Björg Bára Halldórsdóttir fyrir membership (félagann), Dagný S. Finnsdóttir fyrir service (værfefni), Hrunn Hjaltadóttir fyrir leadership (leiðtogann), Gerður Jónsdóttir fyrir marketing (markaðssetningu).



GLT teymið (leiðtoga- og fræðslumál) Séd frá vinstri, G. Andri Gylfason 2 varaumdæmisstjóri og GLT fyrir B-íð, Eggert J. Levy GLT fyrir A-íð, varaumdæmisstjóri í B Bragi Ragnarsson og Halldór Kristjánsson GLT stjóri.



Frá vinstri Hólfríði Þorvaldsdóttur ungmennafulltrúa í A, Hafþís Friðriksdóttir menningarfulltrúi í A, Gerður Jónsdóttir menningarstjóri, Dagný S. Finnsdóttir lestrarátaksstjóri og Jörunn Guðmundsdóttir lestrarátaksfulltrúi í A undæmi.



Frá vinstri, Stefanía Ósk Stefánsdóttir GST fulltrúi í B, Jón Heiðar Daðason umhverfisfulltrúi fyrir B, Kristinn Hannesson LCIF stjóri, Jónas Y. Ásgrímsson 2 varaumdæmisstjóri í A, Benjamín Jósefsson LCIF í B, Halldór Runólfsson umhverfisstjóri, Ellert Eggertsson varafjölumdæmisstjóri, María Ingadóttir heilbrigðisfulltrúi í B og svo sjáum við aftan á Pálma Hannesson GST stjóra.



Net og kynningar-teymið okkar, frá vinstri Sigurður Steingrímsson netstjóri, Björn Guðmundsson kynningarstjóri, Hólfríður G. Skúladóttir kynningarfulltrúi í B, Anna S. Halldórsdóttir svæðisstjóri á svæði 6 í B undæmi og Sigríður Guðmundsdóttir netfulltrúi í B.



## Jón Gröndal GMT

# Gerum fundina áhugaverðari og skemmtilegri!



**Stjórn klúbbsins** þarf að leggja sig fram um að hafa áhugaverða dagskrá og vera opin fyrir allskonar hugmyndum.

Til dæmis má nefna:

- Segja frá sjálfum sér - starf, áhugamál, ferðalög o.s.frv.
- Leiðbeiningar um garðvinnu, bílaviðgerðir, innréttingar, o.fl.
- Heimsóknir á vinnustaði félaganna.
- Umræður um það sem er efst á baugi hverju sinni.

- Fá embættismenn hreyfingarinnar í heimsókn og fréttu af því hvað þeir eru að gera.

### Stemningin á fundunum - hvað getum við gert?

Hvað með að kveikja á kertum, punta með fánum, fánaborg eða blómum? Makafundur? Brandarabanka-stjóri? Sönghefti? Ferðalag eða skemmtun með fjölskyldunni? Meiri samvera með mökum

### Stuðningur við meðmælandann

Notið vel nýliðaumslagid.

Hátíðleg inntökuathöfn.

Félaganefnd og meðmælandinn fræði nýja félagann vel um Lions-hreyfinguna fyrir inntöku.

### Betri fræðsla fyrir alla félagi

Klúbbfundir um Lionsmálefni.

Námstefnur fyrir félagana.

Upplýsingar um árangur verkefna á heimaslóðum og á landsvísu.

### Þátttaka í öðru Lionsstarfi

Heimsóknir í aðra klúbba, svæði, umdæmi.

### Samvera

- Á klúbbfundum ætti alltaf að gefast tími til óformlegrar samveru.
- Að minnsta kosti ein árlegskemmtisamkoma.
- Óformleg samvera í tengslum við verkefni og nefndafundi.
- Að starfa saman, t.d. í samvinnu við fjölskylduna.

### Umhyggja fyrir félögum

Það er mikilvægt að félögum sé vel sinnt, á þeim byggist starf okkar og hreyfingin í heild.

Munum því eftir afmælisdögum, viðburðum í fjölskyldum þeirra, veikindum, erfiðleikum o.s.frv.

**Rétt er að leggja áherslu á, að félagarnir þurfa að vita, að þeir verða að tilkynna, ef þeir geta ekki mætt á fundi eða í verkefni.**

## Manstu hver mælti með þér í klúbbinn? – Hvernig var reynsla þín?

### Skyldur meðmælenda

Með því að mæla með nýjum félaga eruð þið að hjálpa klúbbum ykkar til að viðhalda og endurnýja lífskraftinn í klúbbum. Þið stuðlið að því að nýir straumar og vindar leiki um klúbbinn ykkar. En allt of margir skipta sér lítið af félaganum eða ekkert eftir að hann kemur inn. Þeim þarf að fylgja eftir í 2-3 ár. Hringja og minna á fundi og annað. Taka jafnvel með sér.

### Meðmælandi hvetur til þess að nýr félagi:

- Fáí áhrifamikla inntökuathöfn.
- Fáí nýliðamöppu og Lions-merki.
- Fáí góðar móttökur hjá eldri félögum.
- Sé kynntur fyrir öllum félögum og stjórnarmönnum.
- Fáí verkefni.
- Komist á nýliðanámskeið um hreyfinguna og fer með honum þangað.

- Fáí góða fræðslu um klúbbinn.
- Fáí tækifæri til að tjá sig á fundum um það sem er til umræðu innan klúbbsins.
- Fáí tækifæri til að þjálfa leiðtogahæfileika sína.
- Sé hvattur til að sækja alla fundi.



## Mætir þú á lionsfundum? – Mætingarskráning er mikilvæg

Mætingarskráning er mikilvægur þáttur í því að fylgjast með félögum. Skrá ætti í töflu svo strax komi í ljós ef félagi vantar. Stjórn ætti að líta reglulega yfir skrána og hafa samband við félagi sem vantar tvo fundi í röð af ástæðum sem eru ekki ljósar. Þeir eru erlendis eða veikir eða hafa tikynnt fyrirfram um fjarveru. Hafa samband við félagi ef þeir eru veikir. Ef þeir eru fjarverandi áberandi oft er rétt að hafa samband og ræða málin. Komast þeir ekki inn í hópinn? Eru fundirnir ekki nógu skemmtilegir, áhugaverðir eða gefandi. Það á að viðhafa

nafnakall og hafa nafnalista. Þannig að sjá megi strax hverjir hafa mætt á hvaða fundi. Það eru til svokölluð mætingamerki fyrir 100% gilda mætingu. Gilda mæting er vera á fundi eða veikindi. Forföll vegna vinnu eða ferða laga gilda ekki sem mæting til mætingamerkis. Það er hægt að bæta sér upp mætingu með því að sækja fund í öðrum klúbbi t.d. erlendis eða á Íslandi og með því að taka þátt í verkefnum klúbbsins ykkar. Þar meina ég til dæmis að 5 félagar tóku þátt í sykursýkisverkefni um helgina með hjúkrunarfræðingum. Þau fimm fá

mætingu sem er skráð og þau geta nýtt sér ef þau forfallast fyrir fund. Það var metnaður í félögum að fá 100% merki og ætti að verða aftur. Svo getur stjórn klúbbsins verðlaunað fyrir t.d. 5 eða 10 ára 100% mætingu. Það er búið að afleggja mætingarskyldu því ætti þá að vera eftirsóknarvert að sækja fundi vel. Félagi sem mætir vel er vel virkur, fylgist vel með og skapar góðan mórál. Hefur gaman og finnur hvernig klúbburinn hans leggur lið.

## Í samræmi við starfsreglur og lög Fjöllumdæmis 109 vill Umdæmisstjóraráð koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjöllumdæmis og umdæmisþing það 64. verða haldin í Reykjavík dagana 26. og 27. apríl 2019.

Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjöllumdæmis- og umdæmisþingum 2019

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt 27. gr. laga fjöllumdæmis 109 og í þeirri grein segir:

1) Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / fjöllumdæmisþingi, skulu pósthleggjast umdæmisstjóra / fjöllumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / fjöllumdæmisþing. (Síðasti skiladagur fyrir 64. Lionsþing er því 12. mars 2019.)  
Umdæmisstjóraráð / Umdæmisstjórnir **fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.**

2) Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2019 – 2020 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2019. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.

Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í 36. gr. laga Fjöllumdæmis 109: Sá einstaklingur skal vera:

- Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjöllum dæmi 109.
- Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
- Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
- Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
- Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.

3) Tillögur um framboð til embættis fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2019 – 2020 og embættis vara fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2019 – 2020 skal senda fjöllumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2019. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjöllumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjöllumdæmisstjóra og til embættis vara fjöllumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.

4) Á umdæmis- og fjöllumdæmisþingum í Reykjavík verður:

- Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2019 – 2020.
- Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2019 – 2020.
- Kosið í embætti fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2019 – 2020.
- Kosið í embætti vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2019 – 2020.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti umdæmisstjóraráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2019:

- Formaður Íslenska Hjálparsjóðsins 2019 – 2022.
- Formaður Kjaransorðunefndar 2019 – 2022.

Embætti sem þarf að kjósa um á fjöllumdæmisþingi en falla ekki undir framboðsfrest:

- Fjöllumdæmisritari til eins árs,
- Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs,
- Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.

Embætti í liðum 4e – 4i eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Reykjavík 20. nóvember 2018

Björg Bára Halldórsdóttir, Fjöllumdæmisstjóri 2018 – 2019

Geirþrúður Fanney Bogadóttir Umdæmisstjóri 109 A 2018 – 2019

Sigfríð Andradóttir Umdæmisstjóri 109 B 2018 – 2019



# Vinnusamir klúbbfélagar í Lionsklúbbsi Hafnarfjarðar



Námsefnisgjöf afhent til leikskóla á Víðivöllum.

Það var glatt á hjalla hjá okkur félögunum er við funduðum í Golfskálanum á Hvaleyrarholti í síðasta mánuði og margar skemmtilegar sögur sagðar. Bæjarstjóri okkar Hafnfirðinga Rósa Guðbjartsdóttir var gestur okkar að þessu sinni og fór hún yfir bæjarmálin almennt og var gerður góður rómur að hennar málflutningi. Ellert Eggertsson vara fjölumdæmisstjóri fór yfir stjórnskipulag klúbba, sagði frá nýju skipuriti þeirra og skýrði tilgang teyma. Klúbburinn hefur að hluta nú þegar tileinkað sér áhugaverð atriði þessa skipurits og mun á komandi ári tileinka sér enn nánar nýjar reglur og skipurit.

Á síðasta vetri leitaði Menntamálastofnun eftir samstarfi við Lestraráttak Lions varðandi dreifingu á lestrar hvetjandi gjafapakka til allra leikskóla á landinu. Tveir fulltrúar frá okkar þeir Magnús Baldursson og Magnús Jónsson afhentu í október námsefnispakkann til nemenda á leikskóla á Víðivöllum, Vesturkoti, Hjalla og Bjarkarlundi. Eru þá væntanlega allir leikskólar í Hafnarfirði komnir með fjölbættan námspakka í hendur. Í pakkanum er að finna spjöld með bókstöfum sem hægt er að nota á fjölbreyttan hátt, einnig veggspjöld með bóka- og tölustöfum sem hægt er að hafa sýnileg í umhverfinu. Afhending námsefnisins er liður í Þjóðarsáttmála um læsi og er það von Lions og Menntamálastofnunar að efnið nýtist vel til eflingar máls og læsis í því fjölbreytta starfi sem fer fram í leikskólum landsins.


Lions klúbbarnir þrír í Hafnarfirði hafa haft samstarf um sykursýkismælingar síðustu árin og munu þeir vinna sameiginlega að þeim sem áður og verður mæling nú 1. desember nk. í Verslunarmiðstöðinni Firðinum. Á síðasta ári voru yfir fjögur hundruð sem létu mæla sig, hjá flestum var allt í góðu lagi en nokkrum var bent á að leita læknis, þar sem þeir mældust með of hátt sykursmagn í blóði. Það er komin hefð hjá allstórum hóp í klúbbnum að ganga saman og er þá oftast genginn hringurinn umhverfis Hvaleyrarvatn. Félagi okkar Magnús Ingjaldsson var fyrir stuttu sæmdur Progressive Melvin Jones, sem er demantsviðurkenning og beint framhald Melvin Jones viðurkenningar og í raun árétting klúbbsins um góð störf félagsins, áður hafa fjórir hlotið þessa viðurkenningu frá klúbbnum. Klúbburinn hefur á síðustu vikum styrkt hin ýmsu félagasamtök þar á meðal Mæðrastyrksnefnd. Senn líður að jólahátíð og er fyrirhugaður jólafundur með eiginkonum í byrjun desember að Hliði á Álftanesi.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar sendir öllum Lions félögum bestu óskir um gleðilega jólahátíð og óskir um farsæld á komandi ári.

Friðgeir H. Guðmundsson  
Formaður MCC



Laugardagsganga við Hvaleyrarvatn



Magnús Ingjaldsson ásamt konu sinni Birgittu Guðlaugsdóttur.



Sykursýkismæling í Firðinum.



Rósa Guðbjartsdóttir og Ívar Þórarinnsson, formaður.



# Lionsklúbbur Seyðisfjarðar

## Sykursýkisdagurinn á Seyðisfirði

Hinn árlegi sykursýkisdagur á Seyðisfirði var haldinn í Kjörbúðinni á Seyðisfirði, hinn 17. nóvember s.l. Að venju var unnið í samvinnu Lionsklúbbsins og Heilsugæslunnar á Seyðisfirði (HSA) við mælingarnar.

Alls mættu 96 bæjarbúar og gestir til mælingar, en dagurinn hafði verið vel undirbúinn með útbornum dreifimiðum. Af þeim 96 sem mældir voru var engum vísað til heilsugæslu til frekari skoðunar vegna gruns um að um sykursýki gæti verið að ræða vegna háls blóðsykurs. Þrír Lionsmenn og einn starfsmaður HSA tóku þátt í verkefninu. Athygli vakti að í við færri tóku þátt en undanfarin ár, en þetta frá 102-110 hafa tekið þátt síðustu árin. Einnig var eftir því tekið að enginn reyndist vera með það há syrgildi að visa þyrfti áfram til frekari rannsókna. Vekur það spurningar um hvort náðst hafi svona vel utan um bæjarbúa að færri þurfi á því að halda en áður. Vitanlega má gera ráð fyrir nokkru nýgengi sykursýki II en þetta er ágætis niðurstaða hvað sem því líður.



Blóðsykurmæling. Engum þátttakendum af 96 var vísað áfram á heilsugæslu til frekari rannsókna að þessu sinni.

## Bekkjaverkefnið

Eins og áður hefur verið greint frá í blaðinu hefur Lionsklúbbur Seyðisfjarðar staðið fyrir verkefni sem felst í því að setja saman og selja bekki sem síðan er dreift um bæinn til þæginda fyrir gangandi vegfarendur. Verkefnið hefur mælst vel fyrir bæði hjá þeim sem kaupa vilja bekki og eins hinum sem fegnir eru hvíldinni sem bekkirnir veita er þeir eiga leið um götur bæjarins. Alls hafa selst 17 bekkir í þessu átaki. Lionsklúbburinn á enn bekki til sölu og getur framleitt fleiri. Ef aðrir klúbbar hafa áhuga á að kaupa bekki fyrir sjálfa sig eða til endursölu fást þeir hjá Lionsklúbbi Seyðisfjarðar. Verðið á hverju eintaki er kr.150.000.- og er hægt að nálgast þá hjá Snorra Jónssyni eða Árna Elíssyni, sem uppnefndir eru bekkjarbræðurnir. Meðfylgjandi er mynd af bekk sem er fyrir utan Frystihús SVN á Seyðisfirði, en eins og sjá má eru bekkirnir einstaklega vandaðir að allri gerð.



Nýtt verkefni Lionsklúbbs Seyðisfjarðar til fjárfstunar. Bekkir einnig til endursölu til annara klúbba ef óskað er.

## Dagar myrkurs 20. nóvember 2018



Nú standa yfir dagar myrkurs á Seyðisfirði og ýmislegt á döfinni og margt sem bæjarbúar gera sér til skemmtunnar af því tilefni. Lionsmenn taka virkan þátt í því sem er á boðstólum í tengslum við hátíðina. (Seyðisfjarðarkirkja í kvöldhúminu).

Lionsklúbbur Seyðisfjarðar leggur mikið upp úr skemmtilegum og áhugaverðum fundum. Fundarformið er hið hefðbundna en bruggðið er út af hátíðlegheitunum og slegið á létta strengi inn á milli. Rithöfundar hafa verið fengnir til að lesa upp úr verkum sínum á einstaka fundi og ýmislegt er til gamans gert.



Jóhann Grétar Einarsson nýkominn frá Las Vegas

Lionsklúbbur Seyðisfjarðar átti 2 fulltrúa á Þjóðþinginu í Las Vegas s.l. sumar. Á vegum klúbbsins fóru þeir Jóhann Grétar Einarsson og Rúnar Sigurður Reynisson. Grétar hélt kynningu fyrir klúbbsfélaga þegar heim var komið og var gerður góður rómur að hans máli.

## Í komandi mánuði



Gunnar Sverrisson, yfirjólaveinn, skreytir jólatré, sem keypt var af Lionsklúbbum Múla

Ákveðið hefur verið að hið árlega jólaball Lionsklúbbsins verði haldið í hátíðarsal Herðubreiðar félagsheimilisins á Seyðisfirði laugardaginn 29. desember n.k. Salurinn hefur nýlega verið gerður upp og er allur hinn föngulegasti, en margir Lionsfélagar kannast við salinn frá því 2015 er Fjölmæmisþing var haldið í honum. Lionsmenn hugsa sér gott til glóðarinnar að nýta hinn nýuppgerða sal til framtíðar.

Hátíðarsalurinn í Herðubreið hefur verið gerður upp og hægt er að leigja hann undir skemmtanir og hátíðarhöld.

## Verkefnið framundan.

Fjöldamörg verkefni eru framundan hjá Lionsklúbbi Seyðisfjarðar. Áhugi er á að efla enn frekar en verið hefur samskipti við nærliggjandi klúbba og efla þar með eigið starf og annarra. Í gegn um tíðina hefur Lionsklúbbur Seyðisfjarðar gengið á undan með góðu fordæmi í slíkum samskiptum og mun í framtíðinni stefna ótrauður á að gera enn betur. Einkum hafa verið mikil samskipti við Lionsklúbbin Múla á Fljótshéraði m.a. með sameiginlegum árhátíðum og samstarfsverkefnum s.s. í sambandi við unglingskiptin, kaup á jólatrjáum og svo mætti lengi telja.



## Lionsklúbbur Vestmannaeyja stofnaður 6. apríl 1974

Alþjóðahjálparsjóður Lions -LCIF  
45 ár frá stórgjöf LCIF vegna jarðeldanna  
í Vestmannaeyjum 1973



Í dag 23. nóvember heimsóttum við Lionsfélagarnir í Eyjum Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum í tilefni að 45 ár verða á næsta ári frá því að Lionshreyfingin gaf allan búnað í Sjúkrahúsið sem var fokhelt fyrir eldsumbrotin 1973 Vestmannaeyjasöfnunin dró að sér samúð og þátttöku Lionsfélaga víðs vegar um heim og var þá ákveðið að söfnunarfé yrði notað til að fjármagna kaup á stærsta hluta alls innri búnaðar Sjúkrahús Vestmannaeyja þegar það yrði tekið í notkun.

Keypt voru öll sjúkrarúm, fæðingarúm, sængurföt, öll húsgögn, skrifstofuáhöld, vélar og tæki af margvíslegustu gerð, tæki í eldhús, mataráhöld og borðbúnaður og loftþjappa. Ef gjöfin væri uppfærð á verðlagi dagsins í dag væri hún að andvirði 20 til 25 einbýlishúsa.

Og í dag þá komum við færandi hendi og afhentum á endurhæfingadeild stofnunarinn-

ar Nustep T5XR fjölþjálfa og Follo DIEM 3Section æfingabekk. Andvirði tækjana er kr. 1.400.000 og gjöfinni veittu móttöku þau Guðnýju Bogadóttir hjúkrunarstjóri HSU og Elíasi Friðriksson sjúkraþjálfari á endurhæfingadeild.

Við afhendinguna í dag sagði Elías sjúkraþjálfari frá því að fjölþjálfan væri langöflugasta tækið á deildinni og væri alla daga í notkun og væri tækið aðgengilegt fyrir mjög stóran notendahóp Allt frá fullhraustu fólki upp í fólk með mjög skerta hreyfigetu t.d. fólk með taugasjúkdóma og mænuskaða. Tók hann sem dæmi að 2 lamaðir einstaklingar hafi getað verið í endurhæfingu og getað verið með öðrum á æfingum þar sem stuðningbúnaður sem fylgir fjölþjálfanum sé það öflugur. Lions gaf ásamt Oddfellowstúkunni Vilborgu í janúar á s.l. ári samskonar fjölþjálfa og vegna mikils álags hefði

deildin óskað eftir öðrum fjölþjálfa þegar Lionsfélagar vildu gefa tæki á deildina nú í haust og mun hann strax verða tekin í fulla notkun.

Við Lionsfélagarnir óskuðum við þetta tækifæri eftir gjafatillögum fyrir næsta ár þegar Lionsklúbbur Vestmannaeyja fagnar 45 ára afmæli og 45 árum frá stórgjöf Lions 1974 Guðný kom strax með tillögu sem vert væri að skoða. Verið er að kanna að fá augnlækni til að koma reglulega til Vestmannaeyja og þjónusta þann stóra hóp sem þarf á þeirri þjónustu að halda og þá vantar talsvert af tækjum til að útbúa stofu fyrir þá þjónustu. Það er þjónusta sem bráðvantar.

Sigmar Georgsson  
Lionsklúbbur Vestmannaeyja